



SKOÐUN Icesave-málið er ekki þeim að kenna sem reyndu að leysa það, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Fátt óvænt í Nóttinni sem nærast á dögunum að mati gagnrýnanda sem gefur verkinu tvær stjörnur. **20**



SPORT Eiði Smára Guðjohnsen líður vel í Belgíu og er ánægður með endurkomu sína í landsliðið. **24**

FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990**
MIKIÐ ÚRVAL – YFIR 50 GERÐIR
TÖLVU LISTINN
tl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
4. febrúar 2013
29. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Félagatalið í brunahaug

Kjartan Ólafsson bjargaði félagatali Kommúnistaflokks Íslands úr brunahaug sem orðið hafði eftir í kjallaranum. **2**

Efnahagurinn yfir undir ólgu

Ólga ríkir meðal Egypta þegar tveir mánuðir eru í þingkosningar í Egyptalandi, þær fyrstu samkvæmt nýrri stjórnskrá. **6**

Þekkir árársarmanninn

Sergei Filin, listrænn stjórnandi Bolshoi-ballettsins, segist vita hver stóð að baki sýruárásinni sem hann varð fyrir. **6**

Erfðabreyttar matvörur ómerkta

Neytendasamtökunum hafa borist kvartanir vegna genabreyttra matvæla sem ekki eru merkt sem slík. **10**

Þungt haldinn á gjörgæslu eftir árás dóttursonar síns

Nítján ára piltur braust við annan mann inn til afa síns á Skagaströnd og veitti honum alvarlega höfuðáverka. Maðurinn er grunaður um kynferðisbrot gegn tveimur frændum hans. Piltarnir voru enn í haldi í gærkvöldi.

LÖGREGLUMÁL Maður á áttræðisaldri liggur alvarlega slasaður á sjúkrahúsinu á Akureyri eftir að nítján ára dóttursonur hans réðst við annan mann inn á heimili hans á Skagaströnd snemma í gærmorgun og gekk í skrokk á honum. Árásin tengist kynferðisbrotum sem afinn er grunaður um gegn barnabörnum sínum.

Maðurinn hafði sjálfur samband við lögreglu og tilkynnti um árásina um klukkan hálfseks í gærmorgun. Piltarnir tveir höfðu brotist inn til hans, vakið hann og í kjölfarið látið högginn dynja á honum.

Að sögn Gunnars Jóhannssonar hjá lögreglunni á Akureyri voru

manninum veittir alvarlegir áverkarnir í andliti og á höfði og mun hann meðal annars hafa beinbrotnað. Árársarmennirnir voru á bak og burt þegar lögregla og sjúkraflutningamenn komu á staðinn.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri og þar fengust þær upplýsingar í gærkvöldi að hann lægi á gjörgæsludeild með alvarlega höfuðáverka en að hann væri með meðvitund og að líðan hans væri stöðug.

Piltarnir tveir voru síðan handteknir um hádegisbil í gær og voru enn í haldi lögreglunnar á Akureyri í gærkvöldi. Gunnar Jóhannsson sagði að til stæði að yfirheyra

þá annað hvort síðar um kvöldið eða í dag og að í kjölfarið yrði tekin ákvörðun um það hvort farið yrði fram á gæsluvarðhald yfir þeim.

Lögreglan segir árásina tengjast því að maðurinn er grunaður um að hafa beitt barnabörn sín grófu kynferðisofbeldi um langt árabil fram til síðustu aldamóta. Tveir dóttursynir hans, bræður sem nú eru á þrítugsaldri, lögðu fram kærú á hendur honum í haust, tæpu ári eftir að fjölskylda mannsins bar sakirnar upp á hann. Lögregla rannsakaði ásakanirnar mánuðum saman og sendi málið svo til ríkissaksóknara nú fyrr í mánuðinum.

→ Lögreglan segir árásina tengjast því að maðurinn er grunaður um að hafa beitt barnabörn sín grófu kynferðisofbeldi

Upphaflega var til rannsóknar grunur um að maðurinn hefði einnig brotið gegn dóttursyninum, þeim sem réðst á hann í gær. Sá hefur þó ekki lagt fram kærú og málið rataði ekki til ríkissaksóknara.

-sh



Bolungarvík	0°	NNA	7
Akureyri	0°	N	5
Egilsstaðir	1°	NNV	8
Kirkjubæjarkl.	0°	NV	8
Reykjavík	1°	NV	8

Snjócoma eða éljagangur en úrkomulítið sunnanlands eftir hádegjið. Hvasst með S-ströndinni og allra austast en annars hægri vindur. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FÓLK
FASTEIGNIR.is
LANDMARK
100% þjónusta = árangur
Parhús á Seltjarnnesi



ADGERÐUM STJÓRNAD Svæðisstjórn björgunarsveitanna stýrði og fylgdist með aðgerðum tuttugu fjallamanna sem fluttu látna fjallgöngukonu og þrjá féлага hennar niður af Esjunni við mjög erfiðar aðstæður í gær. Sjá síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný forysta í Samfylkingunni: Formaður utan ríkisstjórnar

STJÓRNMÁL Árni Páll Árnason segir Samfylkinguna vera eina flokkinn sem hafi raunveruleg svör við þeim vandamálum sem blasa við þjóðinni, til að mynda í gjaldmiðlamálum. Hann var kjörinn formaður flokksins á laugardag og Katrín Júlíusdóttir varaformaður.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Árni Páll segir það óvenjulega stöðu að formaður stjórnmalaflokks sitji ekki í ríkisstjórn sem flokkurinn er í. Óhugsandi sé annað en að formaður leiði stefnumarkandi starfs flokksins í ríkisstjórn og á næstunni verði fundið verklag til að tryggja að svo verði.

-kóp / sjá síðu 8

Fólk yfir fimmtugu vill frekar skipta um gjaldmiðil samkvæmt könnun: Meirihlutinn er hlynntur krónu

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að krónan verði framtíðargjaldmiðill landsins samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fleiri vilja halda krónunni nú en fyrir tveimur árum.

Alls sögðust 52,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill en 47,4 prósent sögðust ekki vilja krónuna áfram.

Hlutfall þeirra sem vilja halda krónunni hefur hækkað verulega frá í febrúar 2011 þegar 40,5 prósent vildu halda henni. Enn

færri, eða 38,1 prósent, voru þeirrar skoðunar í apríl 2009. Stuðningur við krónuna er afar misjafn eftir stjórnmalaskoðunum fólks. Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna vill halda krónunni, en lítill hluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar er sömu skoðunar.

Munur er á afstöðu fólks eftir aldri. Um 55,5 prósent fólks á bilinu 18 til 49 ára vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill Íslands, en 49 prósent 50 ára og eldri.



FORLAGIÐ
Fiskislóð 39
Opíð alla virka daga
kl. **10–18**
og laugardaga kl. 11–15
BÓKABÚÐ FORLAGSINS

SNYRTIVARA, KERTI OG PÚÐAR
3 FYRIR 2
the PIER
SMÁRATORGI • KORPUTORGI • BLEYRATORGI

SÉRVERKEFNI
• Hreingerningar
• Iðnaðarþrif
• Bónvinna
• Parkethreinsun
• Steintepparþrif
www.iss.is

SPURNING DAGSINS



Jóel, eruð þið stór í Japan?

„Örsmátt lúpínufrae nýlent á akri lands hinnar rísandi sólar.“

Jóel Pálsson og Bergþóra Guðnadóttir reka fatamerkið Farmers Market. Japan hefur frá upphafi verið þeirra stærsti útflutningsmarkaður.

Skotárás á Eyrarbakka tengist Facebook-síðu sem birtir nöfn og myndir af barnaníðingum:

Karlmaður í varðhaldi vegna skotárásar

LÖGREGLUMÁL Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til fimmtánda febrúar vegna skotárásar á hús á Eyrarbakka snemma á laugardagsmorgun.

Lögreglan á Selfossi fékk tvær tilkynningar um málið á fimmta tímanum á laugardagsmorgun. Fyrst var tilkynnt um menn á svörtum Volkswagen Golf sem væru að ónáða íbúa við Eyrargötu, og skömmu síðar var tilkynnt um að hleypt hefði verið af skoti.

Árásin tengist frásögn konu á Facebook-síðunni „Við viljum nöfn og myndir af dæmdum barnaníðingum“. Konan sagði á

síðunni að stjúpfæðir hennar hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi, en hún tók frásögnina út og greindi frá því að það væri vegna þess að skotið hefði verið á hús hennar. Litlu munaði að skot hefði glugga sem kærasti konunnar stóð við.

Lögreglan mætti bílnum í Þrengslunum og handtók þar þrjá karla og eina konu. Þá var hald lagt á haglabyssu sem var í bílnum. Þau voru öll yfirheyrð en tveir karlanna og konan voru látin laus að því loknu. Maðurinn sem er í gæsluvarðhaldi er samkvæmt heimildum náinn ættingi konunnar.

- þeb



EYRARBAKKI Konan greindi frá því á Facebook að skotið hefði verið að húsi hennar eftir að hún sagði frá misnotkun.



Í KOLGRAFAFIRÐI Meira en sjö þúsund tonn af dauðri síld eru nú í Kolgrafafirði.

MYND/RÓBERT ARNAR STEFÁNSSON

Enn bætir í síldardauðann í Kolgrafafirði:

Rúm sjö tonn af dauðri síld

NÁTTÚRAN Talið er að meira en sjö þúsund tonn af dauðri síld liggja nú í fjöru Kolgrafafjarðar og óttast er að síldardauðinn gæti haldið áfram. „Samkvæmt okkar mati eru þetta um sjö þúsund tonn af síld á þessum 2,5 kílómetrum sem við gengum en heildarmagnið er sennilega mun meira,“ segir Róbert Arnar Stefánsson líffræðingur sem var við mælingar í Kolgrafafirði í gær.

Í desember drápust rúmlega þrjátíu þúsund tonn af síld í fjörunni. Sökum hraðrar rotnunar er súrefnismettun í firðinum lítil og óttast er að síldardauðinn hafi áhrif á umhverfið og fuglalíf í firðinum.

Að sögn Róberts Arnars óðu vísindamenn síldina upp að hnjám á köflum.

„Þetta var alveg svakalegt. Það væri æskilegt að nýta þetta sem mest ef hægt er,“ segir Róbert.

- trs

MÓTMÆLI

Mótmælt við Hæstarétt

280 manns hafa boðað komu sína á morgunmótmæli við Hæstarétt milli klukkan átta og níu í dag. Mótmælin eru í tilefni af dómi sem féll í síðustu viku í líkamsrásarmáli, en fjórir dómarmar töldu þann verknað að stinga fingrum í leggöng og endaparm konu og klemma á milli, ekki teljast sem kynferðisbrot.

HEILBRIGÐISMÁL

Jóhanna veitti styrk

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra afhenti Líf, styrktarfélagi Kvennadeildar Landspítalans, þriggja milljóna króna styrk í gær. Styrkurinn var afhentur við sérstaka athöfn í Hörpu þegar pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir var heiðruð. Vilborg safnaði fé fyrir Líf.

ESB ósátt við ákvörðun:

15 prósentum minna af makríl

SJÁVARÚTVEGUR Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst yfir vonbrigðum með ákvörðun Íslendinga um makrílkvóta þessa árs. Atvinnuvegaráðherra hefur minnkað kvótann um fimm-tán prósent frá síðasta ári, í samræmi við veiðiráðgjöf Alþjóðahaf-rannsóknarráðsins.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra segir að Íslendingar geti ekki einir lækkað hlutdeild í veiðunum meðan ekki náist sanngjarnir samningar. Lögð sé mikil áhersla á að ná slíkum samningum, en við núverandi aðstæður sé ákvörðunin næsta sjálftekin.

- þeb

Fjallgöngukona fórst eftir fall í Esjuhlíðum

Kona sem var í um þrjátíu manna gönguhópi hrapaði til bana í Esjunni í gær. Afar erfiðar aðstæður voru á slysstað. Sex klukkustundir liðu áður en björgunarlið kom með konuna niður. Björgunarmenn fluttu einnig þrjá féлага konunnar af fjallinu.

SLYS Kona lést er hún hrapaði í hlíðum Esjunnar í gær. Konan var á ferð við Hátind ásamt um þrjátíu manna gönguhópi er hún féll og ekki reyndist unnt að senda þyrlu til aðstoðar konunni sem var efst í Grafardal vestan við Hátind. Afar seinlegt var fyrir um tutttugu þrautþjálfaða björgunarsveitarmenn að komast upp á slysstaðinn enda um ís og kletta að fara. Slæmt fjarskiptasamband var í fjallinu vegna óveðursins. Þegar björgunarmenn náðu til konunnar um klukkan fimm var hún látin.

Hópurinn var á göngu við þekktu gönguleið við Hátind sem er rétt við hæsta tind Esjunnar. Stærsti hluti hópsins hélt niður af fjallinu en þrjár göngumenn fóru á slysstaðinn sem er í um 620 metra hæð. Björgunarmenn aðstoðuðu þá við að komast niður af fjallinu og tók það um þrjár klukkustundir. Sá síðasti þeirra kom ekki niður á jafnsléttu fyrr en um klukkan átta í gærkvöld enda þurfti að síga hamra. Komið var með konuna niður upp úr klukkan hálfnú.

„Svona fjöll á Íslandi á þessum árstíma eru alltaf erfið yfirferðar. Þetta eru því sem næst þverhniptir klettur,“ segir Jónas Guðmundsson hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.


Að sögn Jónasar voru björgunarsveitarmenn komnir að Esjurótum um klukkustund eftir að aðstoðar var óskað. Svæðisstjórn björgunarsveitanna stýrði aðgerðum úr flutningabíl með stjórnstöð sinni. Alls tóku um fimmtíu manns þátt í verkefninu.



STJÓRNSTÖÐIN Svæðisstjórn björgunarsveitanna stýrði björgunaðgerðum í miðstöð sem sett var upp við rætur Esjunnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SLYSSTAÐURINN VIÐ HÁTIND



Ekki er hægt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu. Ekki var heldur gefið upp í gærkvöld um hvaða gönguhóp var að ræða.

Auk þess að takast á við þetta erfiða verkefni í Esjunni voru björgunarsveitarmenn sendir til að aðstoða skíðafólk í Skálafelli. Þar skall skyndilega á brjáláð veður og færð spilltist hratt.

gar@frettabladid.is

Þetta eru því sem næst þverhniptir klettur.

Jónas Guðmundsson hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Félagaskrá Kommúnistaflokksins bjargað löngu eftir bruna á flokksskrifstofu:

Veiddi félagatalið úr brunahaug

SAGNFRÆÐI „Ég vildi bara koma þessu frá mér áður en ég yrði elliær,“ segir Kjartan Ólafsson, sem á árinu 2005 færði Landsbókasafninu félagatal Kommúnistaflokks Íslands frá árunum 1930-1938.

Kjartan var framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins frá 1962 til 1968. Hann segir að nokkru áður en hann kom til starfa hafi kviknað í kjallara Tjarnargötu 20 þar sem flokkurinn hafði aðsetur. Brunahaugur hafi orðið eftir í kjallaranum. Árið 1969 hafi þurft að tæma húsið og hann haft yfirumsjón með því.

„Þá leit ég dálítið á þennan brunahaug og sá að þessi bók, vegna sinna þykku spjalda myndi vera óbrunnin, svo að heita má alveg. Hún lá svo áratugum saman í minni vörslu,“ rifjar Kjartan upp.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telur Persónuvernd að Landsbóksafnið hafi ekki mátt hleypa fræðimönnum í félagatalið án leyfis Persónuverndar þar sem hluti upplýsinganna er ekki orðinn áttatíu ára. Yngsti hlutinn verður ekki áttatíu ára fyrr en 2018.

Kjartan kveðst hafa gengið út frá því að farið yrði eftir almennum reglum þegar hann gaf skrána. „Þeim á safninu virðist hafa orðið lítillega á en af



FÉLAGATAL KOMMÚNISTAFLOKKS Handskrifuð skrá yfir hluta félagsmanna Kommúnistaflokksins á fjórða áratug síðustu aldar er nú lokuð bók.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

minni hálfu eru engar athugasemdir við það,“ segir Kjartan sem lét eigin athugasir á félagatalinu fylgja með í greinargerð þegar hann færði það Landsbókasafninu. „Ætli að það sé ekki best að hún bíði líka alveg til 2018.“

- gar

Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

VERTU MEÐ NOVA SÍMKORT Í SNJALLSÍMANUM!

– Og talaðu meira við alla sem
þú þekkir og þekkir ekki hjá
Nova fyrir 0 krónur!

Það kostar ekkert að flytja sig til Nova,
tekur enga stund og þú getur haldið
símanúmerinu þínu.

**0 kr.
Nova
í Nova!**

1.000 mínútur og 500
SMS/MMS á mánuði



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GENGIÐ
01.02.2013

	Bandaríkjadalur	125,91	126,51
	Sterlingspund	199,24	200,20
	Evra	125,91	126,65
	Dönsk króna	23,047	23,181
	Norsk króna	23,110	23,246
	Sænsk króna	19,976	20,094
	Japanskt jen	1,3657	1,3737
	SDR	194,42	195,58

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,6852

Borgaryfirvöld banna starfsmönnum að taka sér reykingahlé á vinnutíma: Smókpásur útlægar í Árósum

DANMÖRK Starfsfólk Árósaborgar munu um næstu mánaðamót þurfa að sætta sig við að mega ekki reykja á vinnutíma. Árósar eru fyrsta sveitarfélagið í Danmörku sem stígur þetta skref til fulls.

Bannið tekur til hinna 25.000 starfsmanna borgarinnar og er nokkuð umdeilt enda víðtækt og gildir jafnvel um fólk í heimahjúkrun sem má ekki reykja á ferðum sínum milli skjólstæðinga, þó svo það noti eigin bifreið.

Thomas Medon, formaður heil-

brigðis- og umönnunarsviðs hjá borginni, segir í samtali við DR að markmiðið með reglunum sé að tryggja starfsfólki heilbrigðara starfsumhverfi.

„Það að starfsfólkið fari ekki út í reykingahlé eykur gæði starfs í skólum, leikskólum og á vistheimilum,“ segir hann. Þó reglurnar virðist strangar muni þær komast upp í vana og verða eins eðlilegar og reykingabann á veitingastöðum.

Formaður félags bæjarstarfsmanna á Austur-Jótlandi segir árið-



REYKINGAR BANNADAR Borgaryfirvöld í Árósum leggja blátt bann við reykingum á vinnutíma.

andi að draga úr óbeinum reykingum en þessar reglur gangi of langt. -þj

Ferðamenn í Noregi: Bleiustríð geisar í Suður-Noregi

NOREGUR Ferðamenn frá Austur-Evrópu hafa tæmt búðarhillur í suðurhluta Noregs þar sem bleiustríð hefur geisad milli kaupmanna. Í Aftonbladet kemur fram að 50 bleiur kosti 30 norskar krónur eða jafngildi um 700 íslenskra króna. Það er helmingi lægra verð en í Litháen.

Fyrir nokkrum árum stöðvöðu pólskir tollverðir unga konu sem var með 40 þúsund einnota bleiur frá Noregi í vörubíl. -ibs

Mannanafnalög skoðuð: Máli Blævar ekki áfrýjað

DÓMSMÁL Íslenska ríkið mun ekki áfrýja dóminum í máli Blævar Bjarkardóttur Rúnarsdóttur, sem héraðsdómur heimilaði í vikunni að heita nafninu sem henni var gefið sem barni. Þetta segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Það verður ekki gert,“ segir Ögmundur, sem telur að það þurfi að taka mannanafnalög til endurskoðunar vegna dómsins. „Meðal annars með það að leiðarljósi hvort lögin kunni að vera barn síns tíma,“ segir hann. -sh

GRENIVÍK

Stækka PharmArctica

Reisa á viðbyggingu við lyfjafyrirtækið PharmArctica, sem hóf vinnslu á Grenivík árið 2003, að því er segir á vef sveitarfélagsins og vinna þar níu manns en skortur á rými hamlar starfsemi.

FJARÐABYGGÐ

Bæjarráðsfundur í síma

Vegna óveðurs var ófært yfir Oddskarð þegar síðasti fundur bæjarráðs Fjallabyggðar fór fram. Fundurinn var því haldinn í gegnum síma og sátu tveir fundarmenn á Reyðarfirði og þrír í Neskaupstað.

AKUREYRI

Bæjarfulltrúar til Randers

Akureyrarbær ætlar að senda Eirík Björn Björgvinsson bæjarstjóra og bæjarfulltrúana Höllu Björk Reynisdóttur og Odd Helga Halldórsón ásamt mökum þeirra á tengslamót vinabæja í Randers í Danmörku í ágúst.



SVARTSENGI CRI framleiðir eldsneyti sitt í verksmiðju við Svartsengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska fyrirtækið CRI: Selur eldsneyti til Hollands

VIÐSKIPTI Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Carbon Recycling International (CRI) er byrjað að flytja endurnýjanlegt eldsneyti úr verksmiðju sinni á Íslandi til hollenska olufyrirtækisins Argos.

Eldsneyti CRI, sem er metanól framleitt með notkun endurnýjanlegrar orku, verður blandað í bensín fyrir almennan markað í Hollandi. Getur fyrirtækið þannig mætt kvöð um íblöndun endurnýjanlegs eldsneytis í bensín.

CRI gerir ráð fyrir að flytja út alla þá framleiðslu sem ekki fer til innanlandsnota á þessu ári. -mþl

Batnandi skuldastaða:

Árborg komin undan eftirliti

SVEITARSTJÓRNIR Árborg er komin undir skuldaviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og er sveitarfélagið því ekki lengur undir eftirliti.

„Í júlí 2010 barst sveitarfélaginu athugasemd eftirlitsnefndarinnar og hefur sveitarfélagið síðan unnið markvisst að því að ná viðmiðum hennar og hafa skuldir farið úr því að vera yfir 206 prósent af tekjum í að fara undir 150 prósent um síðustu áramót,“ segir í bókun í bæjarráði.

Rekstrarafgangur hafi verið hærri en 15 prósent af tekjum frá árinu 2010 og því uppfylli Árborg einnig viðmið nefndarinnar hvað það varðar. -gar

Rúmlega helmingur vill halda í krónuna

Tæplega 53 prósent landsmanna vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi, mun fleiri en fyrir tveimur árum. Aðeins meðal stuðningsmanna Samfylkingar og Bjartrar framtíðar er meirihluti andvígur krónunni.

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að krónan verði framtíðargjaldmiðill landsins samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fleiri vilja halda krónunni nú en fyrir tveimur árum.

Alls sögðust 52,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi, en 47,4 prósent sögðust ekki vilja krónuna áfram.

Hlutfall þeirra sem vilja halda krónunni hefur hækkað verulega, en 40,5 prósent vildu halda krónunni í febrúar 2011, þegar afstaðan til hennar var könnuð síðast í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Enn færri, 38,1 prósent, voru þeirra skoðunar í apríl 2009.


Stuðningur við krónuna er afar misjafn eftir stjórnmálaskoðunum fólks. Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna vill halda krónunni, en lítill hluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar er sömu skoðunar, eins og sjá má hér til hlíðar.

Mikill munur er á afstöðu kynjanna til krónunnar. Minnihluti karla, 46 prósent, vill halda krónunni, en ríflegur meirihluti kvenna, 60,1 prósent.

Einnig er talsverður munur á afstöðu fólks eftir aldri. Um 55,5 prósent fólks á bilinu 18 til 49 ára vilja að krónan verði framtíðargjaldmiðill Íslands, en 49 prósent 50 ára og eldri.

Við framkvæmd könnunar

VILT ÞÚ AÐ KRÓNAN VERÐI FRAMTÍÐARGJALDMIÐILL Á ÍSLANDI?




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 30. OG 31. JANÚAR 2013

40,5% landsmanna vildu halda í krónuna í febrúar 2011, þegar afstaða til hennar var könnuð síðast í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.



Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



KÓLNANDI á landinu næstu daga og á miðvikudag má búast við að frost geti náð 15 stigum í innsveitum. Seinni hluta vikunnar fer svo hlýnandi á ný með slyddu eða rigningu.

Alicante 17°	Berlín 5°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 21°	New York -1°	París 11°
Apæna 16°	Billund 4°	Gautaborg 2°	London 10°	Orlando 20°	San Francisco 15°
Basel 8°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 2°	Mallorca 15°	Ósló 2°	Stokkhólmur 1°

Á morgun Allhvasst með SA- og A-strönd annars hægari.

Miðvikudagur Strekkingur með A-strönd annars hæg breytileg átt.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður



Nicotinell 20% afsláttur af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Ópíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

STANZ STANZ STANZ


- komdu í ástandsskoðun

í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Í febrúar er ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjóðum við **20% afslátt** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.* Stanzaðu í febrúar og bókaðu tíma.

Engin vandamál - bara lausnir.

*Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjá mánuði, vaxtalaus frá og með 2. apríl með 3,5% þjónustugjaldi. Mismunandi hámarksupphæðir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	210 Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6610
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	200 Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæði Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

VEISTU SVARID?



1. Hvaða bílategund var mest seldi bíll landsins árið 2012?
2. Hver fer með hlutverk Mary Poppins í uppsetningu Borgarleikhússins?
3. Hvaða tvö lið mættust í úrslitaleik Super Bowl-keppninnar í gær?

SVÖR
49ers
dóttir 3. Baltimore Ravens og San Francisco
1. Skoda octavia 2. Jóhanna Víglís Árnar

Listrænn stjórnandi Bolshoj-ballettsins fluttur á sjúkrahús í Þýskalandi:
Kveðst þekkja áráðarmanninn

MOSKVA Sergei Filin, listrænn stjórnandi Bolshoj-ballettsins í Moskvu, kveðst vita hver stóð að baki áráðarmanni sem hann varð fyrir þann 17. janúar. Ráðist var á Filin fyrir utan heimili hans og brenni-steinssýru skvett á andlit hans. Filin verður fluttur til Þýskalands í næstu viku þar sem hlúð verður enn frekar að honum.

Filin brenndist illa í andliti við áráðina og hafa þegar verið gerðar nokkrar aðgerðir á honum í von um að bjarga sjón hans.

Í viðtali við breska ríkisútvarpið BBC kveðst Filin vita hver hafi skipulagt áráðina, en vill þó ekki gefa upp nafn hans að svo stöddu. Miklar deilur hafa ríkt innan ballettsins og hafði Filin meðal annars verið harðlega gagnrýndur fyrir störf sín. Filin hafi einnig borist fjöldi hótana undanfarna mánuði. „Ég sé núna að þetta leiddi til þessa harmleiks. Hefði ég tekið hótunum alvarlegar, ef ég hefði aðeins fengið mér bílstjóra, þá hefði þetta aldrei gerst,“ sagði Filin.



SERGEI FILIN Stjórnandinn segist vita hver stóð að baki áráðinni en vill ekki gefa nafn hans upp að svo stöddu.

NORDICPHOTOS/AFP

Fylgiskönnun í Danmörku:
Stjórnin mælist í minnihluta

DANMÖRK Stjórnarflokkarnir í Danmörku eru nokkuð undir meirihluta í nýjustu skoðanakönnunum. Sósíalíski þjóðarflokkurinn (SF) hefur aldrei mælist lægri.

Í skoðanakönnun, sem sagt var frá í fjölmiðlum fyrir helgi, er „rauða blokk“ með um 45% fylgi. Þar af mælist SF með 5,3% og Jafnaðarmannaflokkur Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra er með 19% og Venstre, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, er með tæp 29%.

HEIMURINN



Malala í tvær aðgerðir

1 BRETLAND Pakistanska stúlkan Malala Yousufzai fór í tvær aðgerðir á spítala í Birmingham í Bretlandi um helgina. Talibanar skutu á Malölu í október þegar hún var á leið heim úr skóla. Hún hefur dvalið á spítalanum í Birmingham frá því skömmu eftir áráðina. Læknar Malölu segjast mjög ánægðir með aðgerðirnar tvær, en önnur var gerð til að byggja upp höfuðkúpu hennar og hin til að bæta heyrn hennar.

Gerðu loftárásir á íslamista

2 MALÍ Franskar hersveitir gerðu loftárásir á bæktstöðvar íslamista í norðurhluta Malí um helgina. Herinn segir að ráðist hafi verið á um tuttugu staði og að aðgerðirnar hafi verið mikilvægar til að hindra framgang íslamistanna. Françoise Hollande Frakklandsforseti heimsótti Malí um helgina. Honum var vel fagnað af þúsundum í Timbúktú, en franskir hermenn náðu borginni á sitt vald í síðustu viku eftir að íslamistar höfðu ráðið þar ríkjum í tfu mánuði. Hann heimsótti einnig höfuðborgina Bamako.

Vill forsætisráðherrann frá

3 SPÁNN Leiðtogi sósíalista á Spáni hefur skorað á Mariano Rajoy, forsætisráðherra landsins, að segja af sér. Alfredo Perez Rubalcaba segir Rajoy ekki geta leitt landið í gegnum efnahagsþrengingar. Mótmæli gegn Rajoy voru haldin í mörgum borgum landsins á laugardag. Fréttir hafa borist af því að Rajoy og aðrir háttsettir í Lýðflokknum hafi fengið greiðslur úr leyndegum sjóðum fyrir fjármálakreppuna. Forsætisráðherrann hefur neitað þeim ásökunum.

Fjölskylda ákærð vegna fjárkúgunar

4 SVÍPÍÓÐ Sjö meðlimir sömu fjölskyldunnar hafa verið ákærðir fyrir fjárkúgun. Fólkíð reyndi að kúga peninga út úr manni sem hafði átt í kynferðislegum samskiptum á spjallrásum á netinu. Maðurinn átti í samskiptum við fólkíð, sem þóttist allt vera ungar stúlkur. Í kjölfarið höfðu fjölskyldumeðlimir samband við manninn og sögðust vera ættingjar ungu stúlkanna og að ef hann borgaði þeim ekki yrði haft samband við eiginkonu hans, vinnuveitanda og lögregluna. Maðurinn borgaði fólkíðinu 1,9 milljónir sænskra króna eða 38 milljónir íslenskra króna á tveggja ára tímabili, áður en hann leitaði svo til lögreglu. Hann gæti sjálfur lent í fangelsi fyrir sitt athæfi.



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Efnahagsástandið kyndir undir ólgu

Tveir mánuðir eru í þingkosningar í Egyptalandi, þær fyrstu samkvæmt nýju stjórnarskránni. Mohammed Morsi forseti situr þó áfram næstu þrjú árin og þarf að glíma við erfitt efnahagsástand og djúpstæða óánægju almennings.

EGYPTALAND Mohammed Morsi hefur verið afar umdeildur í Egyptalandi alveg frá því hann var kosinn forseti með 52 prósentum atkvæða síðastliðið sumar. Fjöldmennir mótmælafundir hafa verið haldnir og síðasta vikan hefur kostað tugi manna lífið í harðvítugum átökum, sem að stórum hluta hafa snúist um forsetann og stefnu hans.

Ólgan stafar þó ekki síst af erfiðu efnahagsástandi, sem litlar líkur virðast á að skáni í bráð. Ferðamenn láta vart sjá sig lengur, en ferðamennska var ein helsta tekjulind landsmanna þangað til uppreisnin gegn Hosni Mubarak hófst í byrjun árs 2011. Erlendar fjárfestingar hafa einnig látið á sér standa, og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur meðal annars sett þau skilyrði fyrir stuðningi sínum að stjórnin hætti að niðurgreiða braud og rafmagn. Niðurgreiðsla brauds var eitt helsta kosningalof Morsis og nokkuð víst að almenningur tæki það óstinnt upp ef verðlag helstu nauðsynja hækkaði verulega.

Staða forsetans er mjög sterk samkvæmt nýju stjórnarskránni og að mörgu leyti keimlík þeirri stöðu sem Mubarak hafði í gömlu stjórnskipuninni. Að sama skapi er þingið ekki sérlega sterkt. Forsetinn getur hafnað lögum, sem þingið samþykkir, og hann getur sjálfur gefið út lagatilskipanir, sem þá verða bornar undir þjóðina en án aðkomu þingsins.

Stjórnarskráin var í þjóðaratkvæðagreiðslu um miðjan desember eftir að sérstakt stjórnlagabing hafði hraðað mjög afgreiðslu hennar af ötta við að dómstólar kynnu að setja starfi þess stólinn fyrir dyrnar. Vinnsluhraðinn á síðustu vikunum varð til þess að útkoman hefur verið sögð hroðvirknisleg á köflum, en erfitt verður að lagfæra gallana, ekki síst vegna þess hve djúpstæður ágreiningur er á milli ólíkra fylkinga á þinginu. Til þess að breyta stjórnarskránni þurfa nefnilega tveir þriðju hlutar þingsins að ná saman um breytingarnar, og svo þarf að bera breytingar undir þjóðina.

Að öllum líkindum sitja því Egyptar uppi með þessa hraðsoðnu stjórnarskrá nokkuð lengi, og þann sterka forseta sem henni fylgir.

Þingkosningarnar, sem haldnar verða í apríl, breyta því vart ýkja miklu um ástandið í egypskum stjórnámálum. Staða íslamista og salafista er enn sterk, þótt hin harða andstaða gegn Morsi forseta geti



MÓTMÆLI Fjöldmennir fundir hafa verið haldnir til að mótmæla Morsi forseta síðustu vikur. Mótmælendur hafa meðal annars safnast saman á forsetatorginu í miðborg Kaírós.

NORDICPHOTOS/AFP

Atburðarrásin

- 2011** 25. janúar: Uppreisnin gegn Mubarak hefst
- 2011** 11. febrúar: Mubarak hrökklast frá völdum
- 2011** 30. mars: Bráðabirgðastjórnarskrá tekur gildi
- 2012** 30. júní: Mohammed Morsi tók við forsetaembætti
- 2012** 15. desember: Nýja stjórnarskráin staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu

grafið eitthvað undan fylgi þeirra flokka, sem styðja hann.

Upphaflega var það nokkuð breið fylking menntamanna, námsmanna og frjálslyndra stjórnálmanna sem gerði uppreisn gegn stjórn Hosnis Mubarak. Þessi hópur hefur orðið fyrir vonbrigðum með þróun mála síðan þá: flokkar misróttækra íslamista náðu meirihluta á þingi og íslamistinn Morsi var kosinn forseti, auk þess sem nýja stjórnskipanin tryggir áfram stjórnarhætti sterks forsetaræðis, ekki ósvipað því sem Mubarak stóð fyrir.

Þegar við bætist óánægja almennings með efnahagsástandið er vart við öðru að búast en áframhaldið ólgu, sem heldur ferðamönnum og fjárfestum áfram í fjarlægð.

gudsteinn@frettabladid.is

Kúbverskir stjórnarandstæðingar láta reyna á nýfengið ferðafrelsi sitt:

Einn fær að ferðast, annar ekki

KÚBA, AP Tveir stjórnarandstæðingar á Kúbu, sem sóttu um vegabréf nú eftir áramótin, fengu misjöfn svör frá stjórnvöldum. Yoani Sanchez birti stolt myndir af nýja vegabréfinu á Twitter-síðu sinni, en Angel Moya fékk neitun.

Ástæða neitunarinnar virðist vera sú, að Moya var árið 2003 dæmdur til tuttugu ára fangelsisvistar. Þótt honum hafi síðar verið sleppt úr fangelsi, þá var lausnir skilyrt og því getur hann vart reiknað með því að vera laus mála fyrr en árið 2023.

Hann var í hópi 75 stjórnarandstæðinga, sem hneppir voru í fangelsi árið 2003 fyrir andófsaðgerðir. Félagar hans úr þeim hópi geta væntanlega líka reiknað með neitun, sæki þeir um vegabréf.

Með nýjum lögum, sem tóku gildi 14. janúar, hafa Kúbverjar fengið leyfi til að ferðast úr landi, með vissum takmörkunum þó, en áratugum saman hefur ferðafrelsi þeirra flestra utan landsteinanna verið nánast ekkert. Þannig segist Sanchez hafa tuttugu sinnum sótt um vegabréfsáritun á síðustu árum, en jafnan fengið neitun þar til nú.

Stjórnvöld áskilja sér þó áfram rétt til að takmarka ferðafrelsi fólks, ef þjóðarhagsmunir eru í húfi.



YOANI SANCHEZ Hún hefur um árabíl verið framarlega í flokki stjórnarandstæðinga á Kúbu.

NORDICPHOTOS/AFP



NÝR ÁFANGASTAÐUR

ST. PÉTURSBORG Á KEISARALEGU TILBOÐI

Frá aðeins **18.900 kr.*** eða **29.900**** Vildarpunktur.

Gildir til 8. febrúar. Ferðatímabil frá 1. júní til 16. júlí 2013.

Frábær pakkaþilboð í allt sumar!

St. Pétursborg er staður þar sem þú upplifir sögu, stórvirki lista og menningar, umbrot, kyrrð bjartra sumarkvöld og seiðmagn kraftmikils samtíma. Borgin er hrífandi kostur fyrir ferðamenn, spennandi, freistandi og ógleymanleg. Við bjóðum hagstæðar pakkaferðir til Pétursborgar í allt sumar. Verð á pakkaferðum er frá 77.900 kr. á mann í tvíþýli. Innifalið er flug, skattar og gisting í þrjár nætur á Hótel Moskva með morgunverði.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

ICELANDAIR 

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!
Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið
eknum bílum á frábæru verði!



LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 05/11, ekinn 52 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151731

Glaesilegt eintak kr.
9.880 þús.

Tökum notaðan uppi
notaðan! Erum í
sanningsstuði!



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 22 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.690 þús.
Rnr.2151698.



HYUNDAI SANTA FE II LUX
Nýskr. 01/08, ekinn 65 þús. km.
dísil, sjálfskiptur, 7 manna.
VERÐ kr. 4.190 þús.
Rnr.151261.

Gott úrval
af 4x4 bílum



HYUNDAI ix35
Nýskr. 05/12, ekinn 24 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr.201051.



HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr. 09/08, ekinn 52 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.550 þús.
Rnr.201099.



FORD GALAXY TREND
Nýskr. 06/11, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur, 7 manna.
Verð kr. 4.490 þús.
Rnr.130386.



BMW 525Xi - 4x4
Nýskr. 01/08, ekinn 81 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.890 þús.
Rnr.190795.

Gerðu frábær kaup
hjá Bílalandi BL

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

NÝR FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Fólk vill nýja hugsun

Árni Páll Árnason var kjörinn formaður Samfylkingarinnar á laugardag. Katrín Júlíusdóttir hafði betur í baráttunni um varaformanninn. Árni segir að flokkurinn hafi náð botninum hvað fylgi varðar og fólk muni treysta hugmyndum hans.

Kolbeinn
Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Árni Páll Árnason hafði betur í baráttunni við Guðbjart Hannesson um formennsku í Samfylkingunni. Árni Páll hlaut örugga kosningu, fékk 62,2 prósent atkvæða en Guðbjartur fékk 37,8 prósent. Þá var Katrín Júlíusdóttir kjörin varaformaður með 58,7 prósentum atkvæða, en hún atti baráttu við Oddnýju G. Harðardóttur. Fréttablaðið ræddi við nýjan formann Samfylkingarinnar.

Þú hlýtur að vera sáttur við úrslitin?

„Já, ég er það. Ég fann með mjög víðtækum hætti þennan vilja fólks til að breyta og að það væri raunverulega þannig að fólk vildi nýja hugsun og nýjan takt í stjórn málin. Það vildi raunverulega að Samfylkingin nýtti kraft sinn og sitt sérstaka eðli sem fjölbreyttur flokkur ólíkra aflu, til þess að leiða þá umbreytingu.

Það er athyglisvert að ég fann þetta alls staðar, úti um land og á fundum hér á höfuðborgarsvæðinu og hjá fólki sem spannaði allt hið skoðanalega litróf í flokknum.“

Botninum náð

Samkvæmt könnunum virðist þjóðin ekki treysta ykkur til að leiða þessar breytingar. Er ekki erfitt að taka við sem formaður í slíkri stöðu?

„Það má segja að botninum sé náð og við höfum ágætis viðspyrnu. Við erum auðvitað í þeirri stöðu að við þurfum að sannfæra fólk um að það sé Samfylkingin sem ráði við þetta verkefni öðrum flokkum betur. Við sjáum það í könnunum að fólk sem hefur stutt okkur hingað til er að máta sig við önnur stjórnmálaöfl. Ég skil það mjög vel, vegna þess að fólk er að velta vöngum yfir stöðunni og velta fyrir sér ólíkum kostum.

Það er Samfylkingarinnar að sýna fram á að hún er eini flokkurinn sem hefur raunveruleg svör við þeim erfiðu vandamálum sem við blasa. Við erum eini flokkurinn sem skapar valkost við gömlu kerfisflokkana þrjá sem eru einbeittir í sameiginlegri andstöðu sinni við nýja hugsun í gjaldmiðilsmálum og ákveðinir í að hindra okkur í að losna undan þeirri áþjám sem felst í því að geta ekki fengið borgað í sama gjaldmiðli og við skulum í.

Við höfum útfærðar hugmyndir um það hvernig við viljum breyta stjórnmálunum, hvernig við viljum láta ný vinnubrögð breyta gang-



NÝR FORMAÐUR Árni Páll Árnason segir Samfylkinguna verða að sýna þjóðinni fram á að hún sé traustsins verð. Það muni gerast þegar kjósendur kynni sér kosningaáherslur flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verki stjórnmálanna og ég er sannfærður um þegar fólk sér hversu djúpar og vel útfærðar tillögur og hugmyndir við höfum, um bæði lausn á efnahagsvandamum sem og því hvernig á að umskapa stjórnmálin, þá muni fólk treysta okkur. En það er auðvitað okkar að sýna fram á það.“

Frelsi en traust öryggisnet

Þið eruð í ríkisstjórn, sér fólk ekki ykkar tillögur um lausn á efnahagsvandamum í stefnu ríkisstjórnarinnar?

„Ríkisstjórnin vinnur á grundvelli stjórnarsáttmála frá árinu 2009 og er á síðustu metrunum. Fólk mun sjá okkar áherslur í stefnuáherslum sem komu núna fram á landsfundinum, í kjölfar hans, eftir að ný forysta hefur tekið við, og í kosningabaráttu. Það er auðvitað sú áhersla sem er mitt að marka og setja fram þannig að þjóðin sjái og skilji. Til þess hef ég skýrt umboð.

Við höfum þessa skýru sýn sem ég rakti í stefnuræðunni um raunverulegt frelsi fólks til að ráða eigin lífi, möguleika til að njóta jafnra tækifæra, en búa líka við traust öryggisnet. Þetta fjallaði ég ítarlega um í dag og síðan raunverulegar lausnir og raunverulega sýn á það hvað það er sem háir íslensku samfélagi í dag, veldur því að okkar kröftugustu fyrirtæki kjósa að vaxa annars staðar en hér og veldur því að við hættum á að missa okkar besta fólk.

Það er þessi heildarmynd um að skapa Ísland sem er raunverulegur valkostur fyrir fólk sem vill lifa lífi sínu í lit og vera frjálst að eigin örlögum sem við þurfum að setja fram.“

Það leiðir af sjálfu að flokksformaður hlýtur að leiða stefnumarkandi starf flokksins í ríkisstjórn.

Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Vinristjórn fyrsta val

Hver væri þín óskastaða varðandi ríkisstjórnarsamstarf?

„Það er ekki hægt að meta nein- ar forsendur eða möguleika á ríkisstjórnarsamstarfi út frá þeirri fljótandi stöðu sem fylgismælingar dagsins sýna. Þjóðin velur við kjörborðið. Ég er algjörlega sannfærður um að hún mun hlusta á málflutning fordómalauss jafn- aðarmannaflokks sem hefur raunverulega sýn á alvarlegustu samfélagsmeini okkar tíma og raun- hæfar leiðir til að losa okkur út úr þeim.“

Erðu enn á þeirri skoðun að vinristjórn sé fyrsti valkosturinn fyrir flokkinn?

„Já, ég held að það ætti að vera fyrsti valkostur. Nú á það eftir að koma í ljós svo sem hvað telst vinstri og hvað telst eitthvað annað, en það eru auðvitað skilaboð til íslenskra stjórnmála að jafnt í sveitarstjórnarkosningunum 2010, sem og í þeim fylgishræringum sem við sjáum nú, er vegur framboða sem vilja meiri átök og meiri hörku lítill, en vegur þeirra framboða sem mæla fyrir fordómaleysi, skynsamlegum lausnum og nýjum vinnubrögðum og almennri lífs- gleði mikill. Ef stjórnmálin hlusta ekki á það, þá eru þau ekki í sam- bandi við fólkið í landinu.“

Formaður utan ríkisstjórnar

Nú er komin ný forysta og þú ræðir um nýjar áherslur, en gamli formaðurinn er forsætisráðherra. Er ekki hættu á að flokkurinn verði skitsöfnenskur við þær aðstæður, ein stefna í ríkisstjórn undir forystu Jóhönnu og önnur í kosningabaráttu undir þinni forystu?

„Við munum finna tryggja leið til þess að áherslur Samfylkingarinnar, áherslur sem flokkurinn hefur beðið um með vali á formanni, endurspeglis í stefnu og störfum Samfylkingarinnar við landsstjórnina.“

En það hlýtur að vera óþægilegt að standa utan við ríkisstjórn?

„Það er ekkert sérstaklega óþægilegt. Ég hef ekki verið ráðherra í meira en ár og það hefur ekki skaðað mig hingað til. Þetta snýst ekki um mig heldur hvað er skynsamlegt að gera gagnvart hagsmunum þjóðarinnar á þeim stutta tíma sem er eftir fram til kosninga. Það er auðvitað óvenjulegt staða að formaður leiði flokkinn ekki í ríkisstjórn og allir vita að það er ekki farsælt til langframa.“

Muntu koma að ákvörðunum ríkisstjórnar, verður haft samráð við þig?

„Það er alveg augljóst að það er stefna flokksins sem ræður verkum hans í ríkisstjórn, það gefur augaleið.“

Hvað þýðir það?

„Við munum finna farveg fyrir þær stefnuáherslur sem mikill meirihluti flokksmanna vill sjá eiga sér stað í verkum flokksins.“


Muntu hafa beina aðkomu að ákvörðunum ríkisstjórnar?

„Við munum náttúrulega finna það verklag sem hentar og ég á bara eftir að setjast yfir það og útfæra það. Ég hef haft nóg að gera þessa helgi og það er bara verkefni næstu vikna.“

En vilji þinn til að koma að ákvörðunum er skýr?

„Það leiðir af sjálfu að flokksformaður hlýtur að leiða stefnumarkandi starf flokksins í ríkisstjórn. Ráðherrar starfa í umboði flokks síns. Annað er óhugsandi. Það eru ýmsar leiðir til að útfæra það, en við gerum það auðvitað á þann veg sem hentar þjóðinni best og líka flokknum, en skyldur okkar við þjóðina sem forystuflokkur í ríkisstjórn eru í fyrsta sæti.“

SAMSUNG



SAMSUNG · RFG23UERS

TVÖFALDUR KÆLISKÁPUR

Með frönskum hurðum

Alls 520 lítrar
Kælikápur: 396 lítrar
Frystir: 124 lítrar

Í öllum þessum skápunum er tvöfalt kælikerfi - annars vegar fyrir kælinn og hins vegar fyrir frystinn.



SAMSUNG RS7567THCSR

„AMERÍSKUR“

Kælir-Frystir · Aldrei að afþýða

Þjóðum hvíta skápa og þrjár gerðir í burstuðu stáli.
Alls 532 lítrar
Kælikápur: 361 lítrar
Frystir: 171 lítrar

Úrval kæli- og frystiskápa

Nýstárlegir kæli- og frystiskápar. Ný tegund einangrunar sem setur þá í Orkuflokk A++.
Stærra kæli- og frystirými en gengur og gerist.



HÁKLASSA ÖRBYLGJUOFNAR FRÁ **SAMSUNG**



RYKSUGU RÓBÓTINN **NAVIBOT**
Á TILBOÐSVERÐI

EcoBubble þvottavél

SAMSUNG




Bylting í þvottavélum

Hvað er EcoBubble?

EcoBubble þvottur er hefðbundin blanda af tau, vatni og þvottaefni – en í stað þess að þvottaefnið skolist beint inn í þvottatromluna með vatninu fer þvottaefnið blandan fyrst í gegnum öfluga dælu, sem þrýstir lofti inn í blönduna. Við þetta leysist þvottaefnið strax upp og byggir upp froðu. EcoBubble froðan samanstendur því af örsmáum þvottaefniskúlum sem flæða um tauið og ná að leysa upp öll óhreinindi á mun árangursríkari og flótlegri hátt en á sér stað við hefðbundin þvott.

EcoBubble þvottavélar:

- Taumagn: 7, 8 og 12 kg.
- Vindingarhraði: 1400 sn/mín
- Þvottahæfni: A
- Þeytivinduafköst: A
- Orkuflokkur: A+++
- Fuzzy-logic magnskynjunarkerfi
- 15 mín. hraðkerfi
- Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
- Hurðarlöm og krókur úr málm
- Stórt hurðarop: 33 cm, opnast 142°
- UKS kerfi sem jafnar tau í tromlu fyrir vindingu
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
- Ullarkerfi / Ullarvagga
- Allt að 19 klst. start tímaval fram í tímann
- Barnalæsing
- Sérstakt prógramm til að þvo tromluna.
- Aqua-Control öryggiskerfi gegn vatnsleka
- Mál HxBxD: 85 x 60 x 64,6 cm.



ORKUNOTKUN A+++

- ✓ 70% minni orkunotkun
- ✓ Sama þvottahæfni með köldu vatni og í venjulegum þvottavélum við 40° hita
- ✓ Demants mynstruð tromla, minna slit á fötum og vindur mun betur
- ✓ Sérstakt þvottakerfi til að viðhalda vatnsvörn regnfatnaðar

Verð:

1) WF1704 YPC · 7 KG · KR. 139.900.- // 2) WF0704Y8E · 7 KG · KR. 179.900.- // 3) WF806P4SAWQ · 8 KG · KR. 169.900.- // 4) WF2124ZAC · 12 KG · KR. 249.900.-
Kolalaus mótur og hjóðlátt drif (Quiet Drive)

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ

samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km***

VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***

SPARNEYTINN
SUBARU
Ný vél, aukinn bensínsparnaður



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***

KEMUR Á
ÓVART!
Líka þegar þú prófar



NISSAN JUKE
Bensín, sjálfskiptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **6,3 l/100 km***

Margar erfðabreyttar matvörur ómerktar

Neytendasamtökunum hafa borist kvartanir vegna erfðabreyttra matvæla sem ekki eru merkt sem slík. Eftirlit með innfluttum vörum er skammt á veg komið.

NEYTENDUR Neytendasamtök- in krefjast þess að reglugerð um merkingar á matvælum verði hert og eftirfylgni bætt. Ítrekaðar kvartanir hafa borist samtökunum og þá sérstaklega vegna vanmerkinga á genabreyttum matvælum. Talsvert hefur einnig verið kvartað yfir viðbættu vatni í kjöti og fiski.

Frá byrjun árs 2012 hefur verið skylt að merkja matvæli sem innihalda erfðabreytt efni en svo virðist sem því hafi ekki verið fylgt nægilega eftir. Neytendasamtökin gerðu síðastliðið haust rannsókn á því hvort erfðabreyttar vörur væru merktar sem slíkar. Valdar voru tólf vörutegundir sem talið var hugsanlegt að innihéldu erfðabreytt efni og þær sendar til prófunar erlendis. Í ljós kom að ný þeirra innihéldu erfðabreytt hráefni.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, er ósáttur við niðurstöðuna. „Lágmarkskrafan er að neytendur fái réttar upplýsingar og geti tekið upplýstar ákvarðanir,“ segir Jóhannes.

Samkvæmt reglugerð um matvæli eiga kjötvörur sem innihalda viðbætt vatn að vera sérstaklega merktar sé vatnið meira en 10 prósent af heildarþyngd vörunnar. „Það er allur gangur á því hvort þessu er fylgt,“ segir Jóhannes. Oft eru neytendur að greiða fyrir íshúð utan um frosinn fisk og kjúk-



MATVÖRUVERSLUN Ítrekaðar kvartanir hafa borist Neytendasamtökunum, sérstaklega vegna vanmerkinga á genabreyttum matvælum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

lingabringur. Það er þó áætlað að breyta þessum reglum í samræmi við reglur EES fyrir lok árs 2014. Íshúð á samkvæmt þeim að flokkast sem hluti umbúða.

„Það er engin ástæða til þess að biða þar til þá, við eignum að taka þessar reglur upp strax,“ segir Jóhannes sem er þeirrar skoðunar að banna eigi að bæta vatni við hreinar kjötvörur.

„Vatni er bætt við til að keyra niður verð. Það er þó engin bót fyrir neytendur því kjötið skreppur saman þegar það er eldað. Þetta gerir verðsamanburð ómögulegan.“

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ekki fengið kvartanir nýlega

vegna ómerktra erfðabreyttra matvæla að sögn Óskars Íselds Sigurðssonar, deildarstjóra hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Óskar segist ekki hafa ástæðu til að ætla að mikið sé af slíkum vörum á markaði hér á landi. „Innflytjendur hafa brugðist við breytti löggjöf og minnkað við sig innkaup frá birgjum sem selja erfðabreytt matvæli,“ segir hann.

Eftirlit með genabreyttum matvælum er nýtt hérlendis og enn er verið að þróa mæliaðferðir. Rannsóknirnar eru flóknar og breytturnar margar. Treyst er á að eftirlitsstofnanin í Evrópu hafi kannað þau matvæli sem þar eru leyfð. -ah

ÚTSALA

Allt að 40% afsláttur!

Heilir sturtuklefar

Verð frá kr.37.900

Sturtuhorn m/botni

Verð frá kr.21.900

Sturtuhurðar

Verð frá kr.19.900

Sturtuveggir 6-10mm

Verð frá kr.21.900

Baðkarshlífar

Verð frá kr.10.900

Baðinnréttingar

allt að 70% afsláttur

Yfir 40 mismunandi

innréttingar í sýningarsal

Verð frá kr.12.900

Speglar með ljósum

allt að 50% afsláttur

www.i-t.is



* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opíð virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *

ÚTSÖLULOK

**AÐEINS FÁIR DAGAR EFTIR AF
RÝMINGARSÖLU SPORTBÚÐARINNAR
GERÐU GÓÐU KAUPIN STRAX Í DAG**

BYSSUR FRÁ 39.900

VEIÐIVESTI FRÁ 1.995

ÖNDUNARVÖÐLUR FRÁ 14.995

VÖÐLUSKÓR FRÁ 5.000

VEIÐIHJÓL FRÁ 2.597

10 SPÚNAR Á 1.999

SJÓKAYAKAR Á 159.000

FLUGULÍNUR FRÁ 2.995

FLEECEJAKKAR FRÁ 2.995

VATNSHELDIR VEIÐIJAKKAR FRÁ 9.995

GÆSAVEIÐIGALLAR AÐEINS 24.995

12 GERVIGÆSIR AÐEINS 12.995

GERVIENDUR AÐEINS 595

FELULITAVÖÐLUR FRÁ 10.995

VEIÐISTANGIR FRÁ 3.995

VÖÐLUR FRÁ 7.995

ALLSKONAR Á SLIKK

**Við lokum Sportbúðinni.
Allar vörur á miklum afslætti.**



SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

MÁN. TIL FÖS. - 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

ÚTSÖLULOK - ÚTSÖLULOK - ÚTSÖLULOK - ÚTSÖL

ÚTSÖLULOK

Breytt ásýnd Samfylkingarinnar:

Stríð og friður á stjórnarheimilinu

Ásýnd Samfylkingarinnar tók verulegum breytingum á landsfundinum um helgina. Í raun verður ekki séð annað en að almennir flokksmenn hafi hafnað þeirri stefnu, sem rekin hefur verið undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur undanfarin fjögur ár.

Árni Páll Arnason, ráðherrafróður og fyrrverandi samfylkingarinnar, er fleygt út úr ríkisstjórninni af því að hann var of mikill miðjumaður, sigraði í formannskjöriinu með talsverðum yfirburðum. Katrín Júlíusdóttir, sem hafði betur í varaformannskjöriinu, er sömu-leiðis talsmaður miðjúsónarmiða þótt hún hafi verið þóknanlegri fráfarandi flokksforystu en Árni Páll.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur markvisst sveigt kúrs Samfylkingarinnar til vinstri, í þágu stjórnarsamstarfsins við Vinstri græna. Undir hennar forystu hefur flokkurinn vanrækt miðjuna og lagt áherzlu á átök við stjórnarandstöðuna, fremur en að leitast við að skapa sátt um stóru línurnar í íslenskri pólitík.

Afleiðingarnar af þessari stefnu eru augljósar. Þegar Samfylkingin hélt landsfund sinn var fylgi hennar nánast í sögulegu lágmarki samkvæmt skoðanakönnunum. Nýtt framboð, Björt framtíð, nýtir sér markvisst tómarúmið á miðjunni og tekst það ágætlega.

Árni Páll hefur undirstrikað það rækilega að hann hyggst breyta um kúrs og sækja inn á miðjuna. Hann hefur sýnt fráfarandi formanni Samfylkingarinnar hæfilega kurteisi, en orðavalið sýnir engu að síður að hann vill aðgreina sig rækilega frá Jóhönnu Sigurðardóttur og stefnu hennar. Jóhanna talaði um stríð og átök í síðustu ræðu sinni sem formaður Samfylkingarinnar. Árni Páll talar um frið og þjóðarsátt.

Nú er hins vegar stóra spurningin hvernig stjórnarstefna Jóhönnu Sigurðardóttur og kosningastefna Árna Páls Arnasonar spila saman næstu mánuðina fram að kosningum. Jóhanna virðist alls ekki á þeim buxunum að ætla að láta forsætisráðherrastólinn frá sér og heldur áfram stríðinu. Ríkisstjórnin ætlar áfram að keyra í gegn mál í hörðum ágreiningi, til dæmis stjórnarskrármálið og breytingar á fiskveiðistjórnuninni.

Árni Páll Arnason er með mikið af góðum hugmyndum, en svo dæmi sé tekið er holar hljómur í tali hans um að það sé forgangsverkefni að lækka tryggingagjald á fyrirtækin þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er nýbúin að svíkja fyrirheit sín við atvinnulífið um hversu mikið ætti að lækka þann sama skatt.

Árni Páll talaði í ræðu sinni á landsfundinum í gær um „þjóðarheimilið“ með augljósri vísun í áherzlu sænskra jafnaðarmanna á „folkhemmet“. Árni Páll sagði réttilega að á þjóðarheimilinu yrði að ríkjast friður. Þarna slær hann réttan tón – en hversu sannfærandi verður hann þegar stjórnarheimilinu stýrir áfram stjórnámálamaður, sem virðist sízt af öllu kjósa frið þegar ófriður er í boði? Hvernig eiga kjósendur að skilja þau mjög svo misvísandi skilaboð, sem þeir munu fá úr ranni Samfylkingarinnar næstu mánuðina?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÖG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐLÖG: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Rýmingarsala

4.-8. febrúar

Bækur á **300** kr/stk

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Bækur og leikföng

Langholtsvegi 42

Opið 13-18

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kúrs í krataátt?

Samfylkingin heitir nú eftir landsfund: Samfylkingin – Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Þetta hafa sumir túlkað sem svo að flokkurinn sé að sveigja til vinstri og vilji geirneгла það með viðbótinni í heiti sínu. Í því ljósi er athyglisvert að rífa upp að einn þeirra flokka sem rann inn í Samfylkinguna var Alþýðflokkurinn – Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Þegar Samfylkingin var stofnuð var þess gætt að engar leifar hinna gömlu heita fylgdu með, svona til að undirstrika að um nýjan flokk væri að ræða. Það má því velta því fyrir sér hvort nafnbreytingin þýði að kúrsinn sé settur til vinstri, eða hvort hann

er settur í átt til Alþýðflokksins og hægri krata hans.

Lofað of miklu?


Í stjórnsmálaályktun landsfundarinnar segir að Samfylkingin vilji byggja upp samkeppnishæft velferðarþjófófélag að norrænni fyrirmynd. Samfélag með traustari stjórnskipun á grunni nýrrar stjórnarskrá. Nú á eftir að sjá hvort stjórnin kemur stjórnarskrár-breytingum í gegnum þingið – og það verði þá samþykkt í þjóðaratkvæði – annars verður einhver bið á þessu draumasamfélagi flokksins.

Porsteinn sinnar kynslóðar?

Árni Páll Arnason er í þeirri óheppilegu stöðu að vera formaður stjórn-

málflokks sem situr í ríkisstjórn, en vera sjálfur utan þeirrar stjórnar. Það gerðist síðast þegar Porsteinn Pálsson var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins árið 1983. Við tóku ýmsar hrókeringar til að koma Porsteini í stjórn og ollu þær miklum titringi innan flokksins um langa hríð. Porsteinn tapaði svo fyrir Davíð í formannskjöri 1991. Hvort Árni Páll verður Porsteinn sinnar kynslóðar skal ósagt látið, en það einfaldar málin allavega ekki að vera utan stjórnar.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Ekki einelti

SAMFÉLAG



Guðmundur Kjerulf aðstoðardeildarstjóri fræðsludeildar Vinnuettirlitsins

Margir misskilja og misnota orðið einelti. Stjórnsmálamaður, listamaður, íþróttamaður og fleiri nota orðið einelti um ýmislegt sem er alls ekki einelti en er e.t.v. dónaskapur, móðgun, hroki eða yfirgangur. Hugtakið einelti hefur sérstaka merkingu sem er mjög sviðuð meðal vestrænna þjóða. Það er skilgreint sem framkoma sem er ámælisverð og stendur yfir í langan tíma. Til að hnykkja á því að framkoman þurfi að standa yfir í langan tíma er í sumum erlendum skilgreiningum talað um allt að sex mánuði. Einstakir atburðir geta aldrei verið einelti, einelti varir í mánuði og ár. Ég ætla að nefna tvö nýleg dæmi um misnotkun á hugtakinu einelti.

1. Eftir áramótin skrifaði fyrrverandi stjórnsmálamaður og bloggari að íþróttarfréttakona hefði verið lögð í einelti í áramótaskaupinu. Það kann að vera að umfjöllun skaupsins um konuna hafi verið dónaleg, of mikil, ekki myndin eða á einhvern hátt ekki til fyrirmyndar en það snýst allt um smekk áhorfenda. Einelti snýst ekki um smekk og það getur aldrei átt sér stað í klukkutíma skemmtiþætti.

2. Eftir borgarafund í Grafarvogi sagði borgarstóri að hann hefði verið

→ Einelti er mjög alvarlegt og veldur þolanda, fjölskyldu og vinum viðkomandi miklum þjáningum. Það verður að bera meiri virðingu fyrir hugtakinu einelti og nota það af hófsemi, annað er vanvirðing við raunverulega þolendur eineltis.

lagður í einelti á fundinum. Samkvæmt lýsingu þeirra sem sátu fundinn gekk mikið á þar, sumir voru dónalegir og notuðu ljót orð. Það að verða fyrir harðri og jafnvel særandi gagnrýni og dónaskap á fundi er að sjálfsögðu ekki gott en það er alls ekki einelti. Einelti stendur yfir mánuðum eða árum saman.

Einelti er mjög alvarlegt og veldur þolanda, fjölskyldu og vinum viðkomandi miklum þjáningum. Það verður að bera meiri virðingu fyrir hugtakinu einelti og nota það af hófsemi, annað er vanvirðing við raunverulega þolendur eineltis. Ef orðið einelti er notað um allt sem miður fer í samfélaginu er verið að gengisfella það og gera það marklaust. Stjórnsmálamaður og aðrir sem eru áberandi í samfélaginu þurfa að gæta sérstaks hófs við notkun hugtaksins.

Aldrei aftur Icesave!

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Heyrst hefur úr ranni VG að tilviljun hafi ráðið niðurstöðunni í Icesave-málinu. Er það ekki eitt hvað orðum aukid? Þó að Íslendingar hafi ekki verið vissir um að málf lutningur þeirra næði eyrum dómara er ekki þar með sagt að þetta hafi bara verið einhver grís – niðurstaðan hafi verið látin ráðast af hlutkesti. Verðum við ekki að treysta því að dómara hafi ígrundað málið, og jafnvel hugsanlega að þeir hafi komist að réttari niðurstöðu? Segir það ekki sína sögu um viðhorf okkar til laga og réttar að við skyldum upp til hópa telja að niðurstaðan yrði þeim sterka í vil?

Eftir allan hamaganginn, alla geðshræringuna, alla svardagana og allar heitstrengingarnar, var eins og enginn ætti von á hinni réttu niðurstöðu.

„Réttlætið það sigraði að lokum“ Icesave-málið fór sem sagt nokkurn veginn eins og það átti að fara; réttlát niðurstaða fékkst með dómi. Þrotabú Landsbankans greiðir það sem því ber að greiða, íslenskur almenningur þarf ekki að taka á sig þær byrðar sem þessi tiltekna starfsemi þessa tiltekna einkabanka hefði lagt á hann – nóg er nú samt. Bankastjórnar Landsbankans skrökvuðu þegar þeir héldu því fram að íslenska ríkið ábyrgðist innistæður Icesave-reikinganna. Hið sama gerðu ráðherrar fyrri ríkisstjórna og ráðuneytismenn. Til allrar hamingju var ekkert að marka íslenska ráðamenn í aðdraganda hrunsins.

Niðurstaðan í málinu er stórsigur fyrir Ólaf Ragnar Grímsson. Við vitum að vísu ekki alveg fyrir víst hvað hefði gerst ef hann hefði ekki synjað Icesave-samningum tvívegis staðfestingar, og sent í þjóðaratkvæðagreiðslu, því að umræðan virðist yfirleitt miða við verstu hugsanlegu útkomuna – og kannski þarf að taka með í reikninginn ýmsa erfiðleika Íslendinga í kjölfar synjunarinnar við að afla sér

lánsfjár – en ekkert af því breytir því að niðurstaða EFTA-dómstólsins gerir Ólaf að sigurvegara málsins. Hrakspár valinna aðila um það sem myndi gerast við synjun forseta og þjóðar á tédum samningum gengu ekki eftir. Og Íslendingar fá nú að baða sig í því ljósi að hafa verið þjóðin sem neitaði að taka á sig skuldir banksteranna. Þótt það sé að vísu rangt þá er ímyndin eigi að síður sú og þar með sjálfsmyndin.

Niðurstaðan kann að virðast áfall fyrir Evrópusambands-sinna og vatn á myllu einangrunarsinna – og er það áreiðanlega – en þó má ekki gleyma því að niðurstaðan sýnir að smáþjóð í evrópsku samstarfi hefur þetta skjól og í rauninni ekki annað: regluverkið, lögin, dómstóla og skuldbindandi úrskurði þeirra. Sú er hin kaldhæðnislega niðurstaða málsins: við sóttum réttlætið til Evrópu.

Hverjum að kenna?

En við þurfum alltaf að muna eitt: málið er ekki þeim að kenna sem reyndu að leysa það, með misgóðum árangri, við erfiðar aðstæður. Allt það fólk starfadi í góðri trú, og þótt það kunni að hafa verið misvitturt og misheppið taldi það sig vera að forða þjóð sinni frá allsherjar greiðsluþroti, lánaþurrð og hallæri.

Icesave-málið var ekki þeim að kenna sem mistókst að leysa það. Icesave-málið var þeim að kenna sem stofnuðu Icesave-reikningana. Það gerðu þeir ekki í góðri trú heldur til að skaffa pening, redda sér fyrir horn; Icesave-furstarnir sópuðu til sín sparifé auðtrúa fólks sem hélt að Íslendingar væru svo klárir að nota internetið. Þessir menn tengdu starfsemi sína blygðunarlaust við nafn lands og þjóðar, misnotuðu sér það góða orð sem fór af Íslendingum í löndum Evrópu, þegar þjóðirnar héldu að hér væri norrænt velferðarríki og íslenska þjóðin væri ung og klár og vel menntuð, og heiðarleg.

Icesave-málið var þeim að kenna sem stóðu fyrir rangri stefnu í stjórnmálum. Það var því að kenna að rangir menn komust yfir íslensku bankana í krafti tengsla sinna og áhrifa innan ráðandi stjórnmálaflokka. Framsóknarmenn fengu Kaup-

þing, Sjálfstæðismenn fengu Landsbankann og Sparisjóðina – ekki síst peningafabrickuna óskiljanlegu í Keflavík – og sífellt var tekist á um Íslandsbanka. Þær upphæðir sem runnu út úr þessum bönkum til eigenda og vildarklúbbs þeirra eru óskiljanlegar.

Umfram allt: Icesave-málið var rangri hugmyndafræði að kenna; markaðsnauðhyggjunnin sem réð ríkjum um síðustu aldamót. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði leita peningarnir

ævinlega í rétta staði, svo fremi sem þeir fái að gera það, en stjórnmalámennt trufli ekki lög-mál markaðsguðanna. Þessi trúarbrögð gera ráð fyrir því að bankamenn séu alltaf á réttri leið á meðan gróði sé af starfsemi þeirra. Ekki má trufla þá starfsemi með regluverki eða öðrum leiðindum. Fólk trúði því að Icesave væri gróðafyrirtæki af því tagi. En það var ekki svo. Við verðum að muna það. Það var ekki í lagi með Icesave. Aldrei aftur Icesave.

Fólk trúði því að Icesave væri gróðafyrirtæki af því tagi. En það var ekki svo. Við verðum að muna það. Það var ekki í lagi með Icesave. Aldrei aftur Icesave.

Tangarhöfði 2 og Skeifan 11d

Opnunartilboð Frostlögur



40% afsláttur af frostlegi

Opnunartilboðin gilda eingöngu í Tangarhöfða 2 og Skeifan 11d.



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Heræfingarnar burt!

Á síðustu misserum hafa friðarsinnar fylgst vel með framgöngu borgarstjórnar Reykjavíkur í friðar- og afvopnarmálum. Núverandi meirihluti hefur það yfirlýsta markmið að Reykjavík skuli vera friðarborg og sú stefna er ekki bara í orði heldur einnig í verki. Borgarstjóri hefur lýst því yfir að hvers kyns heræfingar séu óæskilegar í borgarlandinu og það sama gildir um heimsóknir herflugvéla og herskipa.

Valdsvið borgarinnar til að framfylgja þessari stefnu er þó óljóst. Íslensk lög þegja þunna hljóði þegar kemur að heræfingum, sem þó hafa illu heilli margoft verið haldnar hér á landi. Sá sem hyggst opna pylsuvagn eða skipuleggja skátamót þarf að afla sér hvers kyns leyfa og samþykkis frá viðkomandi sveitarfélagi en umfangsmiklar heræfingar með trufun, röskun og mengunarhættu kalla ekki á neitt slíkt.

Tæki fyrir sveitarstjórnir

Árið 2008 flutti ég, ásamt nokkrum félögum mínum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, frumvörp til breytinga á skipu-

HERNADUR



Steinunn Þóra Árnadóttir
frambjóðandi VG í komandi kosningum

→ Íslensk lög þegja þunna hljóði þegar kemur að heræfingum, sem þó hafa illu heilli margoft verið haldnar hér á landi.

lags- og byggingarlögum annars vegar en lögum um mat á umhverfisáhrifum hins vegar. Gerðu þau ráð fyrir að heræfingar, þar með talið lágflugsfæingar, væru skipulags- og umhverfismatskyldar. Þar með væri sveitarfélögum gert kleift að setja slíkra starfsemi stólinn fyrir dyrnar.

Í umsögn um málið lýsti Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, stuðningi við markmið frumvarpsins. Er kunnara en frá þurfi að segja að íbúar við Eyjafjörð hafa fengið sinn skerf af háværum lágflugsfæingum erlendra orrustuþotna á liðnum árum.

Því miður náðu frumvörp þessi ekki fram að ganga á sínum tíma. Fyllsta ástæða er hins vegar til að draga þau fram á ný. Þar með væri friðelskandi sveitarstjórnnum sem ekki vilja sjá vígtól í lögsögu sinni gefið öflugt tæki í hendurnar.

Skiptu út gömlu gólfþvottavélinni fyrir nýja



Allar gerðir gólfþvottavéla skoðaðar og verðmetnar

Verðmat fæst sem greiðsla upp í nýja vél





Sími 510 1200 / www.tandur.is

KRÓNAN

SÚPER-TILBOÐ!



1998 kr. pk.

Verð áður ~~2499~~ kr. pk.
Neutral þvottaefni, 7,3 kg

Opið bréf til hreppsnefndar Ölfushrepps

SAMFÉLAG



Anna Jóhannsdóttir



Áskell Bjarnason
eldri borgarar

Virðulega hreppsnefnd Ölfuss. Nú er komið að þeim áfanga í lífi mínu og hans Ása míns að við verðum að pakka saman og flytja burtu frá vinum okkar, börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Ekki er um að kenna fjárhagslegum vandamálum vegna kreppunnar eða vegna þess að við höfum gert eitthvað af okkur, nei ástæðan er sú að við þömsum ekki lengur inn í þetta samfélag hér í Þorlákshöfn. Við þurfum orðið aukna aðstoð frá sveitarfélaginu og ef vel á að vera, hafa aðgang að sólarhringsþjónustu vegna eftirkasta af vægum blóðtappa sem ég fékk fyrir skömmu síðan. Hugurinn er með fulla virkni en vinstri höndin er ekki alveg að hlýða og vinstri fótur þvælist stundum fyrir, það er nú allt og sumt.

Við hjónin höfum búið hér í Þorlákshöfn í tæp fimmtíu ár og tilheyrum þeim hópi frumbyggja sem voru tilbúnir að leggja sitt

af mörkum til að byggja hér upp samfélag sem margir höfðu ekki nokkra trú á að væri mögulegt. Aldrei var neitt gefið eftir þó að stundum væri erfitt að láta hlutina ganga upp. Hér í Þorlákshöfn ólum við upp okkar börn og lögðum okkar af mörkum til fiskvinnslu, sjósóknar og annarra starfa. Við höfum alla tíð skilað okkar til sveitarfélagsins, bæði í formi gjalda sem við glöð í bragði höfum alltaf staðið skil á og einnig höfum við lagt okkar af mörkum við félagslega uppbyggingu hér í Þorlákshöfn í gegnum tíðina. Við erum samofin þessu samfélagi og okkur finnst hvergi betra að vera, hér er stærstur hluti af lífshlaupi okkar færður til bókar.

Margir í sömu sporum

Ég veit að það eru margir í sömu sporum og við og finnst mér að hreppsnefndin okkar, sem hefur gert marga góða hluti fyrir okkur og staðið glæsilega að uppbyggingu húsnæðis og aðstoðu fyrir eldri borgara hér í Þorlákshöfn, skuldi okkur svör. Þið verðið að klára verkefnið, ekki skilja okkur eftir í biðskýlinu til að bíða eftir vagninum sem fer bara eitt-hvert. Í tilfalli okkar Ása vorum við send á Dvalarheimilið Lund á Hellu sem er ágætis stofnun með frábæru starfsfólki en þetta er bara ekki það sem við höfum reiknað með að yrði hlutskipti okkar síðustu ævídagana.

→ Við hjónin höfum búið hér í Þorlákshöfn í tæp fimmtíu ár og tilheyrum þeim hópi frumbyggja sem voru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að byggja hér upp samfélag sem margir höfðu ekki nokkra trú á að væri mögulegt.

Upplifun okkar er sú sama og þekktist meðal barnmargra fjölskyldna á árum áður þegar fólk sagði sig til sveitar sökum fátæktar og hreppsnefndin sendi það landshorna á milli í vist. Tvístráði heilu fjölskyldunum sökum bágrar fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags. Er staðan sú í Ölfusinu? Eru ekki til fjármunir í nauðsynlega þjónustu við aldraða íbúa sveitarfélagsins eða snýst þetta um forgangsstöðu verkefna? Ég hef heyrt sagt að þrjú stöðugildi í heimaþjónustu gætu gert gæfumuninn til að þjóna betur eldri borgurum í Þorlákshöfn. Færri þyrftu þá að hrökklast í burtu vegna þjónustuleysis og sveitarsjóður fengi opinber gjöld frá þessum starfsmönnum.

Það er óumflýjanlegt að eldast og það á líka við um ykkur og ykkar skyldmenn, vonandi verði þið búið að kippa þessu í liðinn þegar kemur að ykkar fólki að bíða í biðskýlinu.

Frumheilsugæsla

HEILBRIGÐISMÁL



Þorvarður Brynjólfsson
fv. heilsugæslulæknir í Reykjanesbæ



Inga Sigrún Atladóttir
bæjarfulltrúi í Vogum

Heilbrigðisþjónusta sem byggist á jafnrétti er grundvallarmannréttindi. Heilsusamlegt umhverfi og góður aðgangur að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu eru meðal mikilvægustu réttinda einstaklinga og það er hagur hvers samfélags að stuðla að góðri heilsu almennings og hlúa vel að þeim sem tapa heilsu.

Í nokkur ár hefur verið rætt um að flytja heilsugæsluna til sveitarfélaganna en minna hefur verið rætt um hvernig þeirri yfirfærslu yrði háttað. Almenn umræða um stöðu heilsugæslunnar hefur ekki heldur verið mikil og yfirvofandi skortur á heilsugæslulæknum hefur ekki fengið verðskuldaða athygli. Samkvæmt svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi í janúar 2010 vantaði 27 lækna til að manna lausar stöður heilsugæslulækna á Íslandi og bendir fátt til að heilsugæslulæknum hafi fjölgað síðan þá. Stöður heilsugæslulækna eru ekki í öllum tilfellum mannaðar sérhæfðum heilsugæslulæknum en samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu eru nú 36 stöður mannaðar af læknum í framhaldsnámi og algengt er að lækna sinni fleiri heilsugæslustöðvum í hlutastörfum eða nota vaktarfrí til að bjarga málum þar sem skortur er mikill.

Fastlæknakerfi

Í leit að fyrirmyndum má skoða norska kerfið en fyrir 8-9 árum var „fastlæknakerfið“ tekið upp í Noregi með breytingu á lögum. Þar var sett í lög að allir íbúar

Noregs hefðu rétt á að hafa sinn fasta lækni (ekki heimilislækni þar sem fjölskyldumeðlimir þurfa ekki að hafa sama lækni). Bæjarfélögin voru gerð ábyrg fyrir því að fá lækna til að starfa og á fáum mánuðum hvarf skorturinn á heimilislæknum.

Sveitarfélög í Noregi hafa útfært heilsugæsluna á ólíkan hátt. Á sumum stöðum rekur bæring heilsugæslustofuna, borgar læknum föst laun og vissa prósentu fyrir unnin störf. Það kerfi hefur verið vinsælt og gefið góða raun. Vaktir eru fyrir utan þetta kerfi og fyrir þær er greitt sérstaklega af bænum og Tryggingastofnun. Þar sem sveitarfélagið sjálf sér ekki um að reka heilsugæsluna fær lækningin fasta upphæð fyrir hvern einstakling á hans lista frá bæjarfélaginu og frá tryggingastofnunum fyrir unnin störf, en lækningin/læknaþing greiddur svo fyrir allan kostnað við reksturinn. Uppbygging norsku þjónustunnar er þannig að hver heilsugæslulæknir hefur ákveðinn fjölda íbúa sem hann ber ábyrgð á, bæði í almennri heilsugæslu og í bráðatilvikum (á vinnutíma). Ekki er vísað á vaktina eða sjúkrahúspjónustu eins og of oft er gert á Íslandi. Ríkið greiðir sveitarfélaginu fasta upphæð samkvæmt íbúafjölda, Tryggingastofnun heldur utan um listana og sendir lækningum og bænum mánaðarlega breytingar á listunum.

Biðlistar hurfu

Við þessar breytingar hurfu biðlistar í Noregi og hægt var að létta miklu álagi af sjúkrahúsunum og greiðslur ríkisins til sérfræðinga minnkuðu mikið. Samkvæmt rannsóknunum erlendis leysa frumheilsugæslulækna um 85% þeirra vandamála sem upp koma hjá íbúum og er áhuga-vert að vita hversu mörg þessara mála lenda beint hjá sérfræðingum og bráðamóttökum hér á landi.

Þegar sveitarfélögin í Noregi voru skyldug til að veita íbúum

→ Miklu skiptir að læra af verkefnum sem vel hafa gengið og skilað góðum árangri. Við þurfum að hverfa frá því að vísa verkefnum frumheilsugæslunnar til sérfræðinga en líta frekar heildrænt á málið út frá lýðheilsusjónarmiðum.

sínum lækniþjónustu fór talsverð vinna og kostnaður í að fá heilsugæslulækna til starfa. Norðmenn sóttu lækna frá Hollandi, Þýskalandi og Danmörku, héldu námskeið í norsku, aðstoðuðu nýja lækna við að útvega sér húsnæði, pláss á leikskólum og aðstoðuðu maka við að fá vinnu.

Góður árangur

Í Noregi hefur nýja heilsugæslu-kerfið reynst vel. Þótt íslenskar aðstæður séu ekki fyllilega sambærilegar þeim norsku er það trú okkar að norska kerfið yrði til að bæta til muna íslenska heilbrigðiskerfið og nýta betur það fjármagn sem í því er. Smæð íslenskra sveitarfélaga og fjarlægð á milli myndi þó vafalaust kalla á smærri stöðvar á landsbyggðinni en þar gæti samvinna milli stöðva hjálpað mikið á flestum stöðum, sérstaklega við að manna vaktir.

Miklu skiptir að læra af verkefnum sem vel hafa gengið og skilað góðum árangri. Við þurfum að hverfa frá því að vísa verkefnum frumheilsugæslunnar til sérfræðinga en líta frekar heildrænt á málið út frá lýðheilsusjónarmiðum. Frumheilsugæsla leggur áherslu á að gripið sé fljótt inn í ef eitthvað er að og að ráðist sé að rót vandans í stað þess að elta upp einkennin. Í frumheilsugæslunni er því ekki aðeins sinnt veikindum heldur er byggt á forvarnarstarfi í samvinnu við sveitarfélög og stofnanir innan þeirra og þannig lögð áhersla á að ná til allra hópa samfélagsins.

Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.



4,4 g sykur í 100 g

Trefjaríkt

Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.



10 g trefjar í 100 g

Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.



68,6 g kolvetni í 100 g

Hvað er Weetabix?

Heilkorna

Allir kostir kornsins nýttir. Hvert lag kornsins inniheldur næringarefni sem eru líkamanum nauðsynleg.



95% heilkorna



Vítamín og steinefni

Inniheldur mikilvæg vítamín, steinefni og járn sem eru nauðsynleg fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs líkama.



Próteinríkt

Prótein byggja m.a. upp og endurnýja vöðvavefinn, styrkja ónæmiskerfi líkamans og flytja næringarefni inn og út úr frumum.



11,5 g prótein í 100 g

ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringarríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.



MERKISATBURÐIR

- 1222** Menn Guðmundar biskups Arasonar koma til Hóla að næturlagi og drepa Tuma Sighvatsson.
- 1792** George Washington er kosinn 1. forseti Bandaríkjanna.
- 1862** Bacardi, eitt af stærstu vínframleiðslufyrirtækjum heims, er stofnað í Santiago de Cuba á austurhluta Kúbu.
- 1898** Holdsveikt fólk á Íslandi er sett í sóttkví með lögum.
- 1947** Ný ríkisstjórn tekur við völdum á Íslandi. Forsætisráðherra er Stefán Jóhann Stefánsson.
- 1961** Verslunarbankinn er stofnaður upp úr Verslunarsparisjóðnum.
- 1974** Patriciu Hearst, nítján ára barnabarni útgefandans Williams Randolphs Hearst, er rænt.



HANNES ÞÓRÐUR ARNGRÍMSSON
garðyrkju- og ylræktarfræðingur

lést á dvalar- og elliheimilinu Grund þann 23. janúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.



Elfa Hrund Hannesdóttir
Jóhanna Óskarsdóttir og fjölskylda
Hrafn Vésteinn Kalman Ásgeirsson og fjölskylda
Björn Jónsson og fjölskylda



Elskulegur bróðir okkar og frændi,
ÓLAFUR JÓN MAGNÚSSON
frá Bæ í Króksfirði,
Hjallavegi 26,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.



Gunnlaugur Magnússon
Arndís K. Magnúsdóttir
systkinabörn og fjölskyldur þeirra



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
ÞÓRANNA RÓSA VALDIMARSDÓTTIR
(STELLA)
Strikinu 8, Garðabæ,

andaðist í Holtsbúð Vífilsstöðum 30. janúar. Útför hennar fer fram frá Víðalínskirkju Garðabæ föstudaginn 8. febrúar kl. 15.



Guðrún Stefánsdóttir
Arnþrúður Stefánsdóttir
Gunnar Þór Stefánsson
Hanna Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Felix Jóhannesson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR
Álfalandi 12, Reykjavík,

sem lést 31. janúar á líknardeild Landsspítalans Kópavogi, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni Hafnarfirði föstudaginn 8. febrúar klukkan 13.00.



Ísídór Hermannsson

Guðmundur Ísídórsson
Hermann Ísídórsson
Elmar Daði Ísídórsson
Ísídór Hinrik Ísídórsson
og barnabörn.

Edda Bjarnadóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Antonía Esther Mbang



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
SIGURBJÖRG PÉTURSDÓTTIR
frá Fagrahvoli, Hellissandi,
Gyðufelli 16, 111 Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. febrúar 2013 kl. 13.00.



Elínbjörg Kristjánsdóttir
Jóhann Ágúst Hansen
Hans Alexander Margrétarson Hansen
Elmar Tryggvi Hansen
Ásgerður Ágústa Kristjánsdóttir
Georg Þór Ágústsson
Birta Sif Georgsdóttir
Sigríður Elísabet Ágústsdóttir
Elvar Már Jóhannesson
Jóna Fanney Kristjánsdóttir
Sigurbjörg Tekla Þorsteinsdóttir
Saga Líf Þorsteinsdóttir

Bjarni Guðnason
Margrét Tryggvadóttir

Jóhannes Jónsson

Sandra Ósk Egilsdóttir
Þorsteinn Ólafsson

Dúnkonan frá Bjarneyjum

Hádegisfyrirlestur Þjóðminjasafnsins á morgun fjallar um dúnkonuna Septemborgu Gunnlaugsdóttur. Þekktust var hún þó fyrir að hreinsa dún bænda við Breiðafjörð.

Ágúst Ó. Georgsson, fagstjóri Þjóðháttasafns Þjóðminjasafnsins, heldur í hádeginu á morgun fyrirlestur um Septemborgu Gunnlaugsdóttur (1883-1967) frá Bjarneyjum sem lengst af ævi sinnar starfaði sem vinnukona og kölluð hefur verið síðasti fulltrúi „hinna samviskusömu og góðu vinnuhjúa“. Þekktust var hún þó fyrir að hreinsa dún bænda við Breiðafjörð.

Septemborg ólst upp sem sveitarómagi í Bjarneyjum, dóttir einstæðrar móður og húsbónda hennar, og reri þaðan sem fullgildur háseti tíu vertíðir. Ævi hennar endurspeglar á margan hátt kjör fátækra alþýðukvenna við Breiðafjörð á síðustu áratugum 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu og hvernig hugmyndafræði gamla bændasamfélagsins mótaði lífsviðhorf hennar til langs tíma.

Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestursal Þjóðminjasafnsins klukkan 12 á morgun og er öllum opin og ókeypis.



HÁDEGISFYRIRLESTUR Ágúst Ó. Georgsson fjallar um síðasta dygga vinnuhjúð í hádeginu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LEIKA TIL STYRKJAR KRABBAMEINSRANNSÓKNUM. Dagatalsdömur voru frumsýndar hérlandis á föstudaginn í Freyvangsleikhúsinu. MYND: GUÐRÚN HRÖNN, FOTOGRAFÍA

Styrkja krabbameinsrannsóknir með Dagatalsdömu

Freyvangsleikhúsið hefur hafið sýningar á breska leikritinu Dagatalsdömur. Allur ágóði af sýningunum rennur til rannsókna á krabbameini.

Freyvangsleikhúsið Eyjafirði frumsýndi á föstudaginn leikritið Dagatalsdömur, gamanleikrit sem valið var besta gamanleikritið sem sýnt var í London árið 2010.

Leikritið byggir á sannsögulegum atburðum sem gerðust í Yorkshire á Englandi árið 1999. Kvenfélagskonur taka sig saman og ákveða að gera dagatal með falgum myndum af sjálfum sér fáklæddum. Dagatalið ætla þær síðan að selja til að safna fyrir sófa á krabbameinsdeildina á sjúkrahúsinu í bænum sem þær búa í því maður einnar þeirra greindist með krabba og þær vilja leggja sitt af mörkum til að gera biðstofuna á sjúkrahúsinu vistlegri.

Það verða átök í hópnum um gerð dagatalsins og ekki minni um frægðina sem þær ölast eftir að dagatalið birtist.

Ástæða þess að þetta verk varð fyrir valinu er að Freyvangsleikhúsið vill draga athyglina að baráttunni gegn krabbameini. Ástæðan fyrir því að þetta verk varð fyrir valinu er persónuleg, að sögn Steingríms Magnússonar, kynningarstjóra Freyvangsleikhússins.

„Ein af okkar gamalreyndu leikkonum dó úr krabbameini árið 2011 og þegar hún veiktist fékk einhver þá hugmynd að við tryggðum okkur sýningarréttinn á þessu verki. Það tók tíma sinn að fá það í gegn og síðan

þurftum við auðvitað að láta þýða verkið, en nú er það sem sagt komið á fjalirnar.“

Öll laun fyrir höfundar- og sýningarrétt renna óskert til rannsókna á krabbameini en einnig hefur Freyvangsleikhúsið ákveðið að gera enn betur og ánafna Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis hluta af ágóðanum. Dagatal með dömunum mun að sjálfsögðu koma út og fær Krabbameinsfélagið einnig ágóða af því.

Þetta er í fyrsta skipti sem verkið er sett upp á Íslandi og fékk leikfélagið Davíð Þór Jónsson til að skella því yfir á íslensku. Leikstjóri er Sigrún Valbergsdóttir.

ÞETTA GERÐIST: 4. FEBRÚAR 1968

Fárviðri veldur manntjóni á Vestfjörðum

Tuttugu og sex menn týndu lífi í Ísafjarðardjúpi er veðurofsi gekk yfir landið og miðin þennan dag og þann næsta árið 1968. Stormurinn var víða milli 60 og 70 hnútar á Vestfjörðum og frostið um 10 stig, auk snjókomu. Breski togarinn Notts County strandaði innan við Súrnadal á Snæfjallaströnd en varðskipið Óðinn, sem státt var undan Grænuhlíð, bjargaði átján manna áhöfn hans með miklu harðfylgi en einn skipverja lést úr kulda. Heiðrún II, 154 lesta bátur frá Bolungarvík, fórst með sex mönnum og

breski togarinn Ross Cleveland með nítján mönnum en Harry Eddom, 26 ára stýrimaður á togaranum, komst af þrátt fyrir hrakninga á sjó og landi í hálfan annan sólarhring. Við 10-12 klukkutíma volki á björgunarbáti tók löng ganga að húsi sem reyndist mannlaust og köld nótt undir veggjum þess í hríðarbyl. Morguninn eftir hitti hann smala af næsta bæ og var hólpinn. Mikil samkeppni var meðal fjölmíðla um myndir af Harry og konu hans Ritu sem kom á sjúkrahúsið á Ísafirði til fundar við mann sinn.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LITRÍKT VOR

Eftir langa hvíta tíð innanhúss er aftur kominn tími á liti. Sérfræðingar segja að heimilið eigi að vera skreytt litríkum munum og sýna persónulegt yfirbragð. Litirnir eiga að gefa hlýlegt og róandi yfirbragð. Gult, ljósbrúnt, grátt, fjólublátt og grænt verða vinsælir litir með vorinu.

Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERINN
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is



SAGA OG LEIKUR Ragnheiður segir risloftið verða tileinkað börnum og að þar geti þau tengst sögunni gegnum leik.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

HLÚÐ AÐ RÓTUM

GRUNDARSTÍGUR 10 Hús Hannesar Hafstein ráðherra hefur verið gert upp og verður opnað almenningi. Ragnheiður Jónsdóttir segir frá Hannesarholti.

Hannes Hafstein byggði þetta hús yfir fjölskyldu sína árið 1915 í kjölfarið á Reykjavíkurbrunanum mikla. Húsið er rammbýggt og eitt af fyrstu steinsteyptu húsunum í Reykjavík,“ segir Ragnheiður Jónsdóttir, sem fer fyrir sjálfseignarstofnuninni Hannesarholti. Ragnheiður og fjölskylda hennar festu kaup á Grundarstíg 10 árið 2007 í þeim tilgangi að gera það upp og opna það almenningi.

„Mín tilfinning varð strax sú að fólk þyrfti að fá að nota þetta hús, ég myndi ekki búa í því sjálf,“ segir Ragnheiður. „Hús frá þessum tíma eru hluti af sögu sem við höfum ekki góðan aðgang að. Við heimsækjum Árbæjarsafn og förum á veitingastaði í gömlum timburhúsum en oftar en ekki eru hús frá þessum tíma í einkaeigu. Hér bjó skáld og stjórnmálamaður sem kemur mikið við sögu þjóðarinnar og húsið því partur af menningararfi okkar. Það fylgir því



sérstök tilfinning að ganga inn í svona hús,“ útskýrir Ragnheiður og segir fjöl-skrúðugt líf hafa verið í húsinu alla tíð.

„Hannes bjó hér í sjö ár með börnum sínum, móður og tengdamóður en konan hans var fallin frá. Húsið var síðan í eigu sömu fjölskyldu allt frá árinu 1929 og þar til við kaupum það árið 2007. Hér var einnig ýmiss konar

UPPBYGGILEGT FÉLAGSHEIMILI „Í þessu húsi vonumst við til að geta ræktað tengsl okkar við ræturnar og hlúð að því besta í menningu okkar,“ segir Ragnheiður.

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT



Svefnsófadagar

20-40% afsláttur af svefnsófum

12 mán.
vaxtalaussar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Napoli 3ja sæta svefnsófi
Verð áður frá 269.900.-
Nú frá 215.920.-

Napoli 3ja sæta svefnsófi
m/tungu
Verð áður kr. 399.800.-
Nú kr. 319.840.-

Toronto
vandaður svefnsófi
Verð áður kr. 149.900
Verð nú aðeins kr.
119.920



Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir**, jmh@365.is, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir**, elsaj@365.is, s. 512-5427



Við flytjum þér
góðar fréttir

Póstdreifing

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. **Örugglega til þín.**

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

ÖRYGGI Í NETHEIMUM

NETÖRYGGI Margir foreldrar fylgjast lítið með netnotkun barna sinna. Mikilvægt er að kenna börnum gagnrýna hugsun.

Aljóðlegi netöryggisdagurinn er á morgun. Þema dagsins í ár er „Réttindi og ábyrgð á netinu“ en þetta er tíunda árið í röð sem þessi dagur er haldinn. Í tilefni hans mun SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) standa fyrir málþingi hjá Menntavísindasviði HÍ í Stakkahlíð þar sem boðið verður upp á tvær málstofur. Önnur málstofan ber heitið Skólinn, uppeldi og samfélagsmiðlar og þar mun meðal annarra Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, fjalla um hlutverk og ábyrgð foreldra gagnvart netnotkun barna sinna. Hann segir netnotkun barna vera áskorun fyrir foreldra. „Flestir foreldrar þekkja netið en ekki endilega hvernig börnin þeirra nota það. Flestir foreldrar vilja sýna ábyrgð en margir eru í vafa um hvert hlutverk þeirra er. Þeir kveikja á tölvunni og leyfa barninu að vera í hálf tíma, sem er ákveðið aðhald, en hvað barnið gerir á netinu er allt annað mál.“ Hann vill líkja þessu við að kenna barni að hjóla. Þá velja foreldrar vandlega rétt hjól við hæfi, nota jafnvel hjálpardekk og láti börnin byrja í öruggu umhverfi. „Það dettur engu foreldri í hug að henda barninu fyrsta daginn út á þunga umferðargötu á hjólinu sínu og segja því að það fái að vera þar í hálf tíma. Foreldrar þurfa þannig að taka meiri þátt í netnotkun barna sinna til að byrja með. Setja sig inn í áhugamál barnsins og meta hvað er við hæfi og útbúa umhverfið þannig að það sé öruggt.“



Þannig eru netsíur mikilvæg tól, að sögn Ketils, en ekki síður er mikilvægt að foreldrar þjálf gagnrýna hugsun barna sinna. „Það er endalaust hægt að setja netsíur en yfirleitt er hægt að komast fram hjá þeim á endanum. Sterk sjálfsmýnd og gagnrýnin hugsun hjá barninu eru innri síur sem virka best. En það er með þessa þætti eins og margt annað, það tekur tíma og krefst þess að sé rætt við barnið um netnotkun þess. Fyrir foreldra er það besta forvörn.“

Málþingið er haldið í Skriðu, aðalbyggingu Menntasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð, og stendur frá kl. 13-16. Þingið er opið öllum og kostar ekkert inn. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig á saft@saft.is eða á Facebook-síðu SAFT.

INNRI SÍUR

„Sterk sjálfsmýnd og gagnrýnin hugsun hjá barninu eru innri síur sem virka best.“ segir Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla.

MYND/GVA

► atvinnustarfsemi, svo sem sófagerð, efnagerð, snyrtistofa, lögfræðistofa og leirmunaverkstæði. Það góða við húsið er að mikil virðing hefur verið borin fyrir því gegnum árin, ekkert skemmt og engu hent. Þá byggðum við viðbyggingu í garðinum sem verður tónlistarsalur.“

En hvert verður hlutverk hússins? „Ég lít á húsið sem félagsheimili og vonast til þess að það verði staður þar sem fólk kemur saman til uppbyggilegra hluta. Hægt verður að leigja húsið undir margs konar starfsemi en ég sé fyrir mér að með því að líta til baka til þess tíma þegar Reykjavík er að verða að borg getum við hlúð að rótum okkar og rifjað upp hver við erum. Íslendingar eru kraftmiklir og nýjungagjarnir og fá samfélög hafa breyst jafn hratt á jafn stuttum tíma. En vegna þess höfum við kannski týnt okkur. Í þessu húsi vonumst við til að geta ræktað tengsl okkar við ræturnar og hlúð að því besta í menningu okkar.“ Hannesarholt á Grundarstíg 10 verður opnað þann 8. febrúar og fyrsti opni viðburðurinn verður á Vetrarhátíð þann 9. febrúar þegar Úlfhildur Dags-



dóttir bókmenntafræðingur fjallar um myrkar bókmenntir og Vetrarbandalagið spilar. Kaffihús verður rekið í húsinu milli klukkan 11 og 18 alla virka daga.

Nánar má forvitnast um Hannesarholt á Facebook og á www.hannesarholt.is.

HÚS HANNESAR

Grundarstígur 10 verður opnaður almenningi næstu helgi. Hannes Hafstein ráðherra byggði húsið árið 1915.

MYND/GVA

Ný þrjónablöð frá Rauma með íslenskri þýðingu



Heildsölu dreifing: **Saturnus ehf**

Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opíð mán - fös 9 - 18, lau 11-15



Á NETINU Í RÚMINU

Ikea gerði nýlega könnun meðal Svía og spurði meðal annars hvað þeir gera helst í rúminu. Í ljós kemur að breytingar hafa orðið heilmiklar frá árinu 2009 þegar síðasta könnun var gerð. Einn af hverjum þremur sagðist vera á netinu en kynlíf, lestur og sjónvarpsgláp minnkaði. Lestur í rúminu hefur farið úr 76% árið 2009 í 58% í dag.

Árið 2009 horfði annar hver Svíi á sjónvarpið í rúminu á móti 29% núna. Um eitt þúsund Svíar svöruðu spurningunum og voru þeir af landinu öllu. „Ef eldhúsið er hjarta hússins er svefnherbergið heilinn,“ segir upplýsinga-fulltrúi Ikea í Svíþjóð.

Nokkrar aðrar spurningar fylgdu í könnuninni, meðal annars um svefnvenjur og sængurföt. 51% svarenda segist skipta um rúmföt aðra hverja viku en 18% sagðist gera það einu sinni í viku. 27% skipta einu sinni í mánuði. Barnafjölskyldur skipta oftast um á rúminu en þeir barnlausu.



LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggitur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggitur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggitur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggitur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Söluþjafi
Sími 770 0309



Kristberg Snjólafsson
Sölufultrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariúson
Sölufultrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufultrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufultrúi
Sími 897 5930

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN **BÆR**
www.fasteignasalan.is



Auður Kristinsdóttir
Sölufultrúi



Elin Viðarsdóttir
Lögg. fasteignasali

Ísbúð í austurborg Reykjavíkur til sölu



Núna er rétti tíminn til að kaupa ísbúð - aðal sölutíminn framundan.

Vaxandi velta og miklir möguleikar. Rúmgott og fallegt húsnæði með aðlaðandi framsetningu á vöru, góðu viðskiptavinasvæði og barnahorni. Góð staðsetning við þetta og blandaða byggð. Einkaleyfi á ísvél samkvæmt viðskiptasamningum á sínu svæði.

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir

Parhús á Seltjarnarnesi

Miklaborg kynnis: Sérlega glæsilegt og skemmtilega skipulagt tvílyft 300 fm parhús í einni vinsælustu götu á Seltjarnarnesi.

Komið er inn í anddyri og úr því er gengið inn í hol með skápum. Rúmgott forstofuherbergi. Gestasalerni sem er flísalagt upp á miðja vegg. Inn af holi er rúmgott herbergi með öðru herbergi inn af því. Þvottahús. Innangengt í tvöfaldan bílskúr og þaðan hægt að ganga út í garð. Auðvelt er að útbúa rúmgóða aukabúð án mikils tilkostnaðar. Gengið er upp steinsteyptan stiga á efri hæð þar sem er rúmgott alrými með stórum þaklugga. Í alrýminu er rúmgóð stofa. Útengi á svalir í suðurátt með stórbrotnu útsýni. Nýlegt eldhús með HTH-innréttingum sem opið er inn í rúmgóða borðstofu. Úr borðstofu er gengið út í garðskála og þaðan á svalir.

Á svefnherbergisgangi eru tvö góð barnaherbergi með skápum. Hjónaherbergi er sérlega rúmgott með fataherbergi inn af. Baðher-



Húsið er fallega innréttað og með frábæru útsýni.

bergi er með baðkari, góðri innréttingu, sturtuklefa og er flísalagt í hólf og gólf. Gengið er út á svalir í vestur úr svefnherbergisgangi og þaðan gengið inn í bakgarð.

Flísar eru á öllum gólfum neðri hæðar nema bílskúr en þar er gólfíð málað. Á efri hæð er nýlegt

eikarparkett á öllum gólfum nema á baðherbergi sem er flísalagt.

SÉRLEGA FALLEGT HÚS MEÐ STÓRBROTNU ÚTSÝNI OG MÖGULEIKA Á AUKAÍBÚÐ!

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason, sölumaður í síma 822 2307 eða olafur@miklaborg.is.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081 RE/MAX Alpha
Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufultrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufultrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook


Boðaping 10-12




NÝJAR ÍBÚÐIR FRÁ HÚSVIRKI HF. FYRIR 55+

Til sölu nýtt lyftuhús fyrir 55 ára og eldri á góðum útsýnisstað í þingahverfi Kópavogs. Húsið stendur nálægt Elliðarvatni og góðum gönguleiðum í ósnertri náttúru. Í húsinu eru 34 íbúðir á fimm hæðum. Íbúðirnar í húsinu eru 2ja og 3ja herbergja íbúðir og skráðar 52-170 fm. Flestum íbúðum fylgir stæði í bílskúli og sólskálur. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan sem innan án gólfefna. Innréttingar eru frá AXIS, hreinlætistækni frá Tengi og rafmagnstækni frá AEG. Granít í borðplötum og sólbekkjum. Fallegt vel hannað fjölbýlishús á góðum fjölskylduvænum stað. Húsið er inná reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagnar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra.

2JA HERB 52 FM VERÐ FRÁ 16,9 MILLJ.
2JA HERB 87 FM VERÐ FRÁ 25,5 MILLJ.
2JA HERB 94,5-98FM VERÐ FRÁ 25,9 MILLJ.
3JA HERB 123 FM FRÁ 33,9 MILLJ.



Skeljargrandi.
Falleg mikið endurnýjuð 2ja herb 68 fm íbúð með sérinnangi og meðfylgjandi stæði í bílskúli. Gott skipulag, svefnherbergi, vinnuhol, vandað eldhús og stór stofa með útgang á vestur svalir. **V. 22,9 m. TIL SÝNIS Í DAG KL 17:30-18:00**



Láland 22
Til sölu einbýlishús á einni hæð á besta stað í Fossvogi, samtals 205,4 fm. Fallega hannað hús í nútímalegum funkisstíl sem gerir það mjög bjart og opið. Gróinn inngarður í miðju hússins með sólþöllum. Eignin stendur á endahornlóð með útivistarsvæði í dalnum til suðurs. **V. 85,0 m. TIL SÝNIS Í DAG FRÁ 17:30-18:00**



Naustabryggja - Glæsileg eign.
Sérlega glæsileg, nýleg og vönduð 215 fm íbúð á tveimur hæðum, 4 svefnherbergi og stórar bjartar stofur ásamt tveimur stæðum í lokadri bílgeymslu. **V. 46,9 m.**



Melbær.
Fallegt 280 fm endaraðhús á þremur hæðum. Kjallari og tvær hæðir ásamt frístandandi bílskúr. Mikil endurbætt að innan og möguleiki á aukab. í kj. Fallegur garður með sólpalli. - Skipti á minni eign möguleg.



Bauganes - efri sérhæð.
Stór 200 fm efri sérhæð í Skerjafirðinum. Þrjú herbergi, tvær stofur og stórt sjónvarpshol. Parket á gólfum. Stórar yfirbyggðar suðurvalir. Mikil loft hæð í stofum gefur íbúðinni skemmtilegan svip. **V. 42,9 m.**



Laugarnesvegur - 2ja á jarðhæð.
Falleg og rúmgóð 70 fm endaíbúð á jarðhæð. Parket á gólfum, stórt eldhús og útengi úr stofu út á verönd. Bílastæði á baklóð. Frábær staðsetning í Laugarneshverfinu. **V. 19,0 m.**



Langamýri - hæð með bílskúr
Góð neðri sérhæð með bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, barnaherbergi, sjónvarpshol, endurnýjað bað. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Flísalögð stofa og borðstofa með útengi út í snyrtilegan garð. Fullbúinn bílskúr. Snyrtileg og vel umgengin eign á frábærum stað í Garðabæ. **V. 29,9 m.**



Sumarhúsaloð í Kjósinni.
Til sölu sjávar- og eignarlóð, um 4600 fm, á skipulögðu svæði úr jörðinni Háls í Kjósahreppi. Glæsilegt sjavarútsýni. **Tilboð óskast.**



Berjavellir - 2ja í lyftuhúsi.
Vel skipulögð um 72 fm íbúð á efstu hæð (5.hæð) í lyftuhúsi. Parket á gólfum, rúmgóðar svalir og gott hjónaherbergi. **V. 17,9 m.**



Háaleitisbraut - 2ja herb
Góð 60 fm endaíbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Stórt herbergi og rúmgóð stofa. Hentug íbúð miðsvæðis í borginni. **V. 17,9 m.**



Jón Guðmundsson
Söluþjafi
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórolfsson
Söluþjafi
pall@fastmark.is



Viggó Sigursteinsson
Söluþjafi
vigg@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjafi
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2JA HERBERGJA



BRÆÐRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **26,9 millj.**

3JA HERBERGJA



SKÚLAGATA- 55 ára og eldri. Laus strax.

- 101,1 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Sér stæði í bílageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 2 svefnherb.
- Flisalagðar yfirbyggðar svalir. **33,5 millj.**
- Hús nýviðgert að utan og málað.

4RA- 6 HERBERGJA



SAFAMÝRI- REYKJAVÍK

- 118,6 fm. neðri sérhæð auk sér geymslu í kjallara.
- 28,4 fm. bílskúr, innréttaður sem studíóíbúð.
- 4 svefnherbergi.
- Svalir til suðurs og vesturs. **43,9 millj.**

SÉRBÝLI



JÓNSGEISLI- REYKJAVÍK.

- Glæsilegt 266,0 fm. einbýlisúð að meðt. 29,3 fm. bílskúr.
- Hol/opið eldhús/samliggjandi stofur í einu opnu rými.
- Mikil lofthæð víðast hvar í húsinu.
- Fallegur útsýnisstaður í Grafarholti. **72,9 millj.**



RAUÐAVALÐ – REYKJAVÍK

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur auk sér stæðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottaherbergi innan íbúðar. **23,9 millj.**



LANGALÍNA-SJÁLANDI GARÐABÆ

- Glæsileg 120,9 fm. útsýnisíbúð á sjávarbakkanum.
- Sér stæði í bílageymslu.
- Stór verönd og svalir til suðvesturs.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **38,9 millj.**



ESPIGERÐI – REYKJAVÍK

- 158,6 fm. íbúð á tveimur hæðum auk 7,5 fm. sér geymslu.
- Sér stæði í bílageymslu.
- Þrennar svalir, útsýni yfir borgina.
- Húsvörður. **39,5 millj.**



HAUKANES – GARÐABÆ.

- 274,0 fm. einbýli að meðt. 63,0 fm. innb. tvöföldum bílskúr.
- Skemmtilega hönnuð eign.
- Opið eldhús með eyju. Fjögur herbergi. Gufubað.
- 1.554,0 fm. eignarlóð, vel staðsett og með góðu útsýni. **69,0 millj.**



AUSTURSTRÖND- SELTJARNARNESI

- 62,5 fm. íbúð á 5. hæð auk 4,6 fm. sér geymslu.
- Lyftuhús.
- Björt stofa. Sjónvarpshol og rúm gott svefnherbergi.
- Svalir með frábæru útsýni til norðurs. **19,9 millj.**



BREKKULÆKUR- REYKJAVÍK

- 106,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni 11,5 fm. sér geymslu.
- Stórar austursvalir út af stofu.
- Nýlegir gluggar, þak og skolplagnir frá húsi.
- Göngufæri í sundlaug. Stutt í alla þjónustu. **28,5 millj.**



KRÍUHÓLAR- REYKJAVÍK.

- 116,1 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð.
- 25,9 fm. bílskúr.
- 3 svefnherbergi.
- Svalir til suðvesturs. **24,7 millj.**



GNITAKÓR-KÓPAVOGI

- 343,8 fm. einbýli á tveimur hæðum að meðt. 36,0 fm. bílskúr.
- 131,0 fm. efri hæð hússins er í dag ein íbúð.
- Tvaer 85,0 fm. 2ja herb. íbúðir á neðri hæð.
- Húsið er vel staðsett á góðum útsýnisstað. **79,0 millj.**



NÝBÝLAVEGUR-KÓPAVOGI

- 52,1 fm. íbúð ásamt 9,4 fm. íbúðarherbergi á jarðhæð og 15,9 fm. þvottaherb./geymslu.
- 20,9 fm. bílskúr.
- Nýleg innrétting í eldhúsi. **22,9 millj.**
- Suðursvalir.



LINDARBRAUT – SELTJARNARNESI

- 74,0 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara á sunnanverðu Seltjarnarnesi.
- Útsýni úr íbúðinni út á sjó til suðurs og vesturs.
- Sérinnangangur. **21,9 millj.**
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir.



STRAUMSALIR- KÓPAVOGI

- 5 herbergja 129,8 fm. íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi.
- 4 svefnherbergi.
- Mahogny í eldhúsinnréttingu, skápum og hurðum.
- Stórkostlegt útsýni. **36,9 millj.**



HÓLAVALLAGATA- REYKJAVÍK.

- Virðulegt 380,0 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk bílskúrs.
- Þrjár samþykktar íbúðir.
- Mögulegt að byggja eina hæð ofan á húsið.
- Frábær staðsetning við Landakotstú. **Verð 55,0 millj.**



MÓAFLÖT

MÓAFLÖT – GARÐABÆ

Mikið endurnýjað 160,7 fm. raðhús á einni hæð auk 42,7 fm. bílskúrs. Húsið var mjög mikið endurnýjað fyrir um 10 árum síðan. Mögulegt er að innrétta bílskúr sem hluta af íbúðarými þar sem innangengt er í bílskúr af svefnangi. Ræktuð lóð með verönd til suðurs og vesturs. Hellulögð innkeyrsla. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla, sundlaug og aðra þjónustu **Verð 55,0 millj.**



MELALIND

MELALIND 10 –KÓPAVOGI. 4RA HERB. ÚTSÝNISÍBÚÐ

OPÍÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL. 17.30-18.00 Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð á 2. hæð (gengið upp 5 þrep) auk 27,6 fermetra bílskúrs. Mjög vel skipulögð og björt endalíbúð með gluggum í 3 áttir, innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóð og björt stofa. Þrjú svefnherbergi. Stórar yfirbyggðar svalir til suðurs með góðu útsýni. Húsið stendur við opið svæði. Stutt í skóla, leikskóla og verslanir. **Íbúðin verður til sýnis á morgun. Íbúð merkt 0202. Verið velkomin. Verð 39,5 millj.**

SÉRBÝLI



NESBALI-SELTJARNARNESI.

- Tvílyft um 236,5 fm. tvílyft raðhús að meðt. 37,0 fm. bílskúr.
- Búið að endurnýja öll gólfefni, innréttingar, skápa og hurðir.
- Stofa. Borðstofa. Sjónvarpsstofa. 4 svefnherbergi.
- Vönduð og mikið endurnýjuð eign.

57,5 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



REYNIMELUR- EFRI HÆÐ OG RIS

- Vel skipulögð 135,6 fm. efri hæð og ris auk bílskúrs.
- Þrjár stofur. Þrjú svefnherb. 2 sér geymslur auk geymsluriss.
- Nýleg innrétting í eldhúsi. Tvennar svalir.
- Nýlegt gler og gluggar. Rafplagnir og rafmagnstafla nýleg.

46,9 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



VATNSSTÍGUR. VINNUSTOFA- JARÐHÆÐ OG 1. HÆÐ

- Eign sem nýtist undir margskonar starfsemi.
- Um er að ræða tvær aðskildar hæðir samtals 210,3 fm.
- Jarðhæðin- **Verð 23,9 millj.**
- 1. hæðin- **Verð 34,5 millj.**
- GLÆSILEG EIGN Í HJARTA MIÐBORGARINNAR



SILUNGAKVÍSL- REYKJAVÍK.

- Vandað 256,0 fm. tvílyft einbýli auk 34,8 fm. bílskúrs og 10 fm. garðhýsis.
- Auðvelt er að breyta eigninni í tvær íbúðir.
- Stofa. Hjónasvita og fjögur önnur herbergi. Fjölskyldu/stofurými
- Stór hornlóð við ofanverðan Elliðaárdalinn.

TILBOÐ ÓSKAST



SOGAVEGUR- REYKJAVÍK.

- Stórglæsileg 122,9 fm. 3ja – 4ra herb. efri sérhæð.
- 24,5 fm. bílskúr.
- Sérsmíðaðar eikarinnréttingar. Extra háar innihurðir.
- Tvö svefnherbergi. Svalir til suðurs.

49,0 millj.



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR-TIL LEIGU

- Um 100 fm. skrifstofuhúsnæði í góðu steinhúsi.
- Hús mikið endurnýjað fyrir um 10 árum síðan.
- 3 svefnherbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð til suðurs og vesturs.

TILBOÐ ÓSKAST.



HVAMMSGERÐI- REYKJAVÍK.

- 163,0 fm. einbýli á þremur hæðum.
- 35,6 fm. bílskúr, innréttaður sem studiíbúð að hluta.
Settu svolítið af Neutral Color í hólfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



Guðlaugur Victor og Hólmar í landsliðið

FÓTBOLTI Guðlaugur Victor Pálsson og Hólmar Örn Eyjólfsson voru í gær kallaðir í íslenska landsliðið sem mætir Rússlandi á Marbella á Spáni á miðvikudaginn. Guðlaugur Victor er nýliði í A-landsliðinu en hann kemur í stað þeirra Arons Einars Gunnarsson og Ólafs Inga Skúlasonar sem drógu sig báðir úr hópnum fyrir leikinn á miðvikudaginn. Aron Einar er meiddur en von er á fjölgun í fjölskyldu Ólafs Inga á næstu dögum.

Pá var Hólmar Örn kallaður inn vegna meiðsla Hallgríms Jónssonar. Hólmar Örn leikur með Bochum í þýsku B-deildinni og á marga leiki að baki með yngri landsliðum, rétt eins og Guðlaugur Victor sem er á mála hjá NEC Nijmegen í hollensku úrvalsdeildinni.



- esá

Fimmtán ára skoraði fjórtán mörk

HANDBOLTI Pórey Anna Ásgeirsdóttir átti stórleik þegar FH vann nauman sigur á Haukum, 31-30, í fíróttahúsinu í Strandgötu í N1-deild kvenna á laugardaginn. Pórey Anna, sem er aðeins fimmtán ára gömul, skoraði fjórtán mörk fyrir FH í leiknum, þar af ellefu af vítalínunni. Móðir hennar, Gunnur Sveinsdóttir, er einnig í leikmannahópi FH eins og áður hefur verið fjallað um.

Óvæntustu tölendi helgarinnar voru þau að Stjarnan, sem varð fyrsta liðið á tímabili til að vinna Val í deildarleik um síðustu helgi, tapaði fyrir Gróttu á heimavelli, 29-28.



MÆÐGUR Pórey Anna með móður sinni, Gunnur Sveinsdóttur.

Gróttu er í sjötta sæti deildarinnar en Stjarnan því fjórða.

- esá

Oliver spilaði með aðalliði AGF

FÓTBOLTI Oliver Sigurjónsson, unglingslandsliðsmaður í knattspyrnu, spilaði í dag sinn fyrsta leik með aðalliði AGF í Danmörku.

Oliver kom inn á þegar stundarfjórðungur var til loka í æfingaleik gegn Aarhus Fremad sem AGF vann, 3-2. Fyrr í vikunni seldi AGF sóknarmanninn Aron Jóhannsson til AZ Alkmaar í Hollandi en Oliver hefur verið á mála hjá AGF í eitt og hálf ár. Hann er á átjándu aldursári og á að baki 33 leiki með yngri landsliðum Íslands.

- esá

ÚRSLIT

N1-DEILD KARLA

ÍR - VALUR 25-24 (13-13)
Mörk: Björgvin Hólmgeirsson 8, Sigurjón F. Björnsson 6, Sturla Ásgeirsson 6/4-Valdimar F. Þórsson 6, Nikola Dokic 6/1.

Varin skot: Sebastian Alexandersson 9/1 (39%), Kristófer Guðmundsson 5 (36%)-Lárus H. Ólafsson 9/1 (47%), Hlynur Morthens 7 (33%).

N1-DEILD KVENNA

AFTURELDING - FYLKIR 23-21 (11-9)
Mörk: Hekla Daðadóttir 11, Telma Frímannsdóttir 4, Sara Kristjánsdóttir 4-Thea Imani Sturludóttir 6, Hildur K. Jóhannsdóttir 5, Hildur Björnsdóttir 4.

SELFOSS - HK 20-22 (10-11)
Mörk: Púriður Guðjónsdóttir 7-Brynja Magnúsdóttir 6, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 5, María Lovísa Breiðdal 5.

HAUKAR - FH 30-31 (14-11)
Mörk: Marija Gedroit 10, Viktoría Valdímarsdóttir 7-Pórey Anna Ásgeirsdóttir 14, Birna Helgadóttir 4, Elín Baldursdóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 4.

STJARNAN - GRÓTTA 28-29 (16-13)
Mörk: Jóna M. Ragnarsdóttir 10, Esther Ragnarsdóttir 6-Sunna M. Einarsdóttir 6, Eva Davíðsd. 5.

STAÐA EFSTU LIÐA

Valur	15	14	0	1	490-309	28
Fram	15	13	0	2	444-290	26
ÍBV	14	9	1	4	368-309	19
Stjarnan	15	9	0	6	405-356	18
FH	14	9	0	5	353-350	18
HK	14	8	1	5	345-351	17
Gróttu	15	6	1	8	343-341	13

DOMINO'S-DEILD KVENNA

SNÆFELL - KEFLAVÍK 66-75 (36-37)
Stig: Kieraah Marlow 31-Jessica Ann Jenkins 31, Birna Valgarðsdóttir 18.

FJÖLNIR - HAUKAR 78-66 (35-30)
Stig: Britney Jones 29, Bergdís Ragnarsdóttir 23-Margrét Rósa Hálfánardóttir 24, Sjarre Evans 20.

GRINDAVÍK - VALUR 65-80 (37-49)
Stig: Crystal Smith 22, Petrúnella Skúladóttir 17, Kristrún Sigurjónsdóttir 29, Jaleesa Butler 21.

NJARÐVÍK - KR 68-84 (25-48)
Stig: Lele Hardy 33-Shannon McCullum 44, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 23.

STAÐAN

Keflavík	19	18	18	1507-1252	36
Snæfelli	19	15	4	1369-1167	30
Valur	19	11	8	1261-1201	22
KR	19	11	8	1284-1278	22
Haukar	19	8	11	1299-1332	16
Njarðvík	19	5	14	1309-1489	10
Grindavík	19	5	14	1285-1429	10
Fjölnir	19	3	16	1310-1476	6

Ekki minn síðasti samningur

Eiður Smári Guðjohnsen nýtur þess að spila fótbolta á ný eftir erfið meiðsli. Hann er kominn í íslenska landsliðið aftur og ætlar sér að berjast um titla með Club Brugge í Belgíu, þar sem honum líður mæta vel.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen segir að hann hafi ekki þurft að kyngja stoltinu þegar hann gekk til liðs við Cercle Brugge, botnlið belgísku úrvalsdeildarinnar í haust. Þvert á móti var hann ánægður yfir að komast í kunnulegt umhverfi þar sem hann fengi að spila aftur reglulega eftir erfið meiðsli.

Þetta segir hann í samtali við Fréttablaðið. Hann er nú kominn til „stóra bróður“ í Brugge en í síðasta mánuði ákvað Club Brugge að kaupa Eið Smára frá Cercle fyrir um 85 milljónir króna.

„Þetta var nokkuð eðlileg þróun á mínum málum þegar ég ákvað að fara til Cercle á sínum tíma,“ segir Eiður Smári. „Ég var orðinn 34 ára gamall og nýbúinn að missa út tímabil vegna fótbrots. Ég þurfti að spila reglulega og var Belgía hinn fínasti kostur fyrir mig. Ég þekki vel til hér og tala tungumálið,“ segir hann en Eiður Smári bjó í Belgíu sem barn er faðir hans, Arnór, lék sem atvinnumaður hjá Lokeren og Anderlecht.

Síðan Eiður Smári fór frá Barcelona árið 2009 hefur hann komið víða við og ekki staldrað lengi við á hverjum stað. Hann var síðast hjá AEK í Grikklandi en fótbrotnaði í leik með liðinu. En nú segist hann kominn á stað þar sem hann ætlar að vera til loka næsta tímabils – að minnsta kosti.

„Ég hefði ekki skipt yfir til Club nema til að gera langtímasamning. Þetta hefur verið brótt hjá mér fram og til baka og því vildi ég festa mig í sessi og hafa fram tíðina í nokkuð föstum skorðum. Nú get ég einbeitt mér að því að spila fótbolta með Club. Það var þó ekki ætlunin að vera lengi í Belgíu, í hreinskilni sagt. En svona vilja hlutirnir þróast,“ segir Eiður Smári. Hann neitar því þó að þetta verði hans síðasti samningur á löngum atvinnumannsferli.



BARÁTTA Eiður Smári skipti um félag í Brugge í Belgíu og er nú kominn til Club eftir að hafa verið hjá Cercle í nokkra mánuði.

NORDICPHOTOS/APP

„Alls ekki. Ekki miðað við hvernig mér líður núna. Það er eitthvað sem gerdist þegar ég meiddist illa, í annað skiptið á mínum ferli. Ég hugsaði með mér að ég ætlaði ekki að láta þetta enda

svona. Svo þegar maður kemst aftur á lappir, byrjar að skora mörk og njóta þess að spila fótbolta á ný áttar maður sig á því hversu ferillinn er stuttur í raun og veru. Ég veit að það er ekki langt eftir

„Á meðan ég nýt þess að spila og hef heilsu til ætla ég að halda áfram eins lengi og ég mögulega get.“

Eiður Smári Guðjohnsen, Club Brugge

en á meðan ég nýt þess að spila og hef heilsu til ætla ég að halda áfram eins lengi og ég get.“

Arnar Grétarsson er yfirmaður knattspyrnumála hjá Club Brugge en hann var í sömu stöðu hjá AEK þegar að Eiður Smári var þar. En hann segir það aðeins tilviljun eina. „Arnar er eins og ég nýkominn til Club og í raun var félagið búið að gera upp hug sinn varðandi mig áður en hann kom. Auðvitað ræddi ég um þetta við Arnar en þegar Club frétti að það væri mögulegt að fá mig fór allt á fullt,“ segir Eiður Smári.

Næsta verkefni hans verður leikur með íslenska landsliðinu gegn Rússlandi á Spáni á miðvikudag. Hann segist ánægður með að vera kominn aftur í landsliðið en hann spilaði síðast með því gegn Færeyjum í ágúst.

„Ég var í raun ekkert búinn að velta mér upp úr því að hafa ekki verið með í síðustu leikjum. Mér fannst þó mjög gaman að vera með liðinu í sumar, þó svo að það hafi verið leikur gegn Færeyjum. Ég vissi svo að ég þyrfti að komast í mitt gamla form og þá myndi restin koma,“ segir Eiður Smári.

„Ég hef alltaf sagt að ég væri jákvæður fyrir landsliðinu, þrátt fyrir að efasemdir um það hafi komið reglulega upp í gegnum tíðina. Ég hef alltaf haft gaman að því að spila með landsliðinu og ávallt viljað leggja allt á mig fyrir það. Framhaldið verður svo bara að koma í ljós og hversu raunhæft það er fyrir mig að spila með landsliðinu.“

eirur@frettabladid.is

Aníta bætti enn eitt metið

Tveggja vikna gamalt Íslandsmet í 800 m hlaupi innanhúss féll um helgina.

FRJÁLSAR Anítu Hinriksdóttur virðast fá takmörk sett þessa dagana en um helgina setti hún nýtt Íslandsmet í 800 m hlaupi innanhúss þegar hún hljóp á 2:03,27 mínútum á Meistaramóti Íslands fyrir 15-22 ára um helgina. Gamla metið setti hún á Reykjavíkurlaikunum tveimur vikum áður en bættingin er upp á rúma eina og hálfu sekúndu.

Metið er rétt við Íslandsmet Anítu í 800 m hlaupi utanhúss, 2:03,15 mínútur, sem hún setti á HM unglina í Barcelona í sumar.

„Mér hefur gengið mjög vel að undanfögnu,“ sagði Aníta högvær í samtali við Fréttablaðið. „Ég veit ekki af hverju það stafar. Ég ætlaði mér fyrst og fremst fyrir þetta hlaup að hlaupa á jafnari millitímum heldur en síðast. Þá var ég orðin mjög þreytt á síðasta hringnum en núna átti ég aðeins meira inni. Ég var mjög kát með þennan tíma,“ bætti hún við.

Árangurinn er ekki síst athyglisverður í ljósi þess að

Aníta er aðeins sextán ára gömul. Hún undirbýr sig nú af kappi undir EM fullorðinna í Gautaborg í mars. Þangað til eru tvö mót á dagskrá hér á landi.

„Meistaramót Íslands er um næstu helgi og svo bikarmót helgina eftir. Það er því nóg að gera og ég held að það sé finn undirbúningur fyrir mig,“ sagði hún.

Aníta keppti í flokki 16-17 ára og fékk litla samkeppni, eins og gefur að skilja, þó svo að fleiri hafi verið í hennar flokki. „Ég held að ég eigi örliftið meira inni með samkeppni og ég stefni á að bæta mig aftur í Gautaborg.“

Aníta á spennandi ár í vændum en meðal annars keppir hún á HM 17 ára og yngri í sumar. Síðastliðið sumar varð hún fjórða sæti í 800 m hlaupi á HM 19 ára og yngri.

- esá

ÓFLUG Aníta Hinriksdóttir hefur bætt sig mikið á stuttum tíma.



Aðalfundur 2012

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll mánudaginn 18. febrúar 2012 kl. 20.00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.

MAX ÚTSALA

ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI



Mikill
afsláttur af
kæliskápum



Uppvottavélar
Verð frá
49.989



32" sjónvörp
Verð frá
59.989



50" sjónvörp
Verð frá
139.989



Fartölvur á
frábærum verðum



Heimabíókerfi með
miklum afslætti



ENDALOKIN
NÁLGAST
ÚTSÖLUNNI
LYKUR
UM NÆSTU
HELGI



Sjónvarpsflakkarar
15% afsl.



Heyrna
30% afsl.



Fotóflakkarar
10% afsl.



Vöflujárn
25% afsl.



Sjálfvirkar kaffivélar
20% afsl.



Hljómborð
30% afsl.



Sjónaukar
25% afsl.



Fartölvutöskur
35% afsl.



Hárblásarar
30% afsl.



Ryksugur
15% afsl.



Safapressur
20% afsl.



Saumavélar
25% afsl.



Samlokugrill
25% afsl.



Sléttu- og krullujárn
40% afsl.

Síðustu eintök og útlitsgölluð
tæki með miklum afslætti

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX
RAFTÆKI

Vel heppnuðu Norðurlandamóti lokið

SKAUTAR Norðurlandamótið í listhlaupi á skautum fór fram í Egilshöll um helgina og þótti vel til takast. Alls átti Íslands nú þáttakendur á mótinu en eini keppandi Íslands í kvennaflokki var Guðbjörg Guttormsdóttir (á mynd) sem hafnaði í tólfta sæti.

Viktoria Helgesson frá Svíþjóð varð Evrópumeistari kvenna eftir harða baráttu við systur sína Joshi. Í karlaflokki vann Svíinn Alexander Majorov yfirburðasigur en hann varð 53 stigum á undan næsta manni.

Mótið er hið sterkasta af sinni tegund sem haldið hefur verið hér á landi og voru þeir fjölmörgu erlendu keppendur sem hingað komu ánægðir með dýölinu. Alls komu um 200 erlendir gestir hingað til lands vegna mótsins.



- esá

Pýska landsliðið vann stjórnuliðið

HANDBOLTI Þrír Íslendingar tóku þátt í stjórnuleik þýsku úrvalsdeildarinnar um helgina. Þar mætti þýska landsliðið úrvalsliði þýsku úrvalsdeildarinnar og hafði betur, 37-35, eftir að hafa verið einu marki yfir í hálfleik.

Alfred Gíslason var kjörinn í netkosningu til að stýra stjórnuliðinu en tveir íslenskir leikmenn voru í liðinu – þeir Alexander Petersson, sem skoraði eitt mark, og Guðjón Valur Sigurðsson sem skoraði tvö.

Þýska úrvalsdeildin fer aftur af stað eftir vetrarfrí í kvöld en Rhein-Neckar Löwen, lið Guðmundar Guðmundssonar, er á toppnum. - esá

Hvíta fjöðrin á Evrópumótið

BADMINTON Hvíta fjöðrin, keppnilið frá TBR, varð um helgina Íslandsmeistari liða í badminton. Með því vann liðið sér inn þátttökurétt á Evrópumóti félagsliða sem haldið verður í sumar.

Helgi Jóhannesson, Jónas Baldurson, Kjartan Pálsson, Kristján Huldar Aðalsteinsson, Daníel Jóhannsson, Elína Þóra Elíasdóttir, Margrét Jóhannsdóttir og María Árnadóttir skipa liðið sem bar sigur úr býtum í svokallaðri meistardeild.

TBR-Píparsveinninn varð í öðru sæti og TBR-Bananas í því þriðja. TBR Pésarnir urðu Íslandsmeistarar í A-deild. - esá

Keflavík skrefi nær deildartitlinum

KÖRFUBOLTI Keflavík vann uppjöfr toppliðanna í Domino's-deild kvenna þegar að liðið hafði betur gegn Snæfelli í Stykkishólmi, 75-66. Keflavík er því með sex stiga forystu á toppi deildarinnar en með sigrinum tók liðið stórt skref að deildar-meistarartitlinum. Keflavík er með betri árangur í innbyrðisviðureignum vetrarins gegn Snæfelli og því dugur Hólmurum ekki að jafna Keflavík að stigum.

Jafnræði var með liðunum framan af en Keflavík kláraði leikinn í fjórða leikhlu. Kieraah Marlow skoraði 31 stig fyrir Snæfell og Jessica Ann Jenkins 31 stig fyrir Keflavík. - esá

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

QPR - NORWICH	0-0
WIGAN - SOUTHAMPTON	2-2
1-0 Gary Caldwell (25.), 1-1 Rickie Lambert (64.), 1-2 Morgan Schneiderlin (85.), 2-2 Shaun Maloney (90.).	
ARSENAL - STOKE	1-0
1-0 Lukas Podolski (78.).	
EVERTON - ASTON VILLA	3-3
0-1 Christian Benteke (2.), 1-1 Victor Anichebe (21.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (24.), 1-3 Christian Benteke (61.), 2-3 Marouane Fellaini (69.), 3-3 Marouane Fellaini (93.).	
NEWCASTLE - CHELSEA	3-2
1-0 Jonas Gutiérrez (41.), 1-1 Frank Lampard (55.), 1-2 Juan Mata (61.), 2-2 Moussa Sissoko (68.), 3-2 Moussa Sissoko (90.).	
READING - SUNDERLAND	2-1
1-0 Jimmy Kebe (7.), 1-1 Craig Gardner, víti (29.), 2-1 Jimmy Kebe (85.).	
WEST HAM - SWANSEA	1-0
1-0 Andy Carroll (77.).	
FULHAM - MANCHESTER UNITED	0-1
0-1 Wayne Rooney (79.).	
WEST BROM - TOTTENHAM	0-1
0-1 Gareth Bale (67.). Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður á 86. mínútu.	
MANCHESTER CITY - LIVERPOOL	2-2
1-0 Edin Dzeko (23.), 1-1 Daniel Sturridge (29.), 1-2 Steven Gerrard (73.), 2-2 Sergio Agüero (78.).	

STADAN

Man. United	25	20	2	3	60-31	62
Man. City	25	15	8	2	47-21	53
Chelsea	25	13	7	5	51-27	46
Tottenham	25	13	6	6	42-29	45
Everton	25	10	12	3	40-30	42
Arsenal	25	11	8	6	49-29	41
Liverpool	25	9	9	7	44-32	36
Swansea	25	8	10	7	34-28	34
West Brom	25	10	4	11	34-35	34
Stoke	25	6	12	7	24-30	30
West Ham	25	8	6	11	28-36	30
Sunderland	25	7	8	10	28-33	29
Fulham	25	7	7	11	36-42	28
Norwich	25	6	10	9	25-40	28
Newcastle	25	7	6	12	33-44	27
Southampton	25	5	9	11	33-44	24
Reading	25	5	8	12	32-46	23
Wigan	25	5	6	14	29-47	21
Aston Villa	25	4	9	12	23-49	21
QPR	25	2	11	12	18-37	17

ENSKA B-DEILDIN

LEEDS - CARDIFF	0-1
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Cardiff en Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður.	
IPSWICH - MIDDLESBROUGH	4-0
BIRMINGHAM - NOTT. FOREST	2-1
MILLWALL - HULL	0-1
PETERBOROUGH - BURNLEY	2-2
WATFORD - BOLTON	2-1
BLACKPOOL - BARNSELY	1-2
SHEFF. WED. - BRIGHTON	3-1
BLACKBURN - BRISTOL	2-0
CRYSTAL PALACE - CHARLTON	2-1
DERBY - HUDDERSFIELD	3-0

STADA EFSTU LIÐA

Cardiff City	28	19	3	6	50-30	60
Leicester	29	16	5	8	51-24	53
Hull City	29	16	5	8	40-31	53
Watford	30	16	4	10	58-40	52
Crystal Palace	30	14	9	7	52-37	51
Middlesbrough	29	15	2	12	47-43	47
Burnley	30	12	7	11	46-44	43
Brighton	28	10	12	6	40-30	42

HOLLENSKA ÚRVALSDEILDIN

GRONINGEN - AZ ALKMAAR	1-0
Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliði AZ Alkmaar en Aron Jóhannsson er meiddur.	
NAC BREDA - PEC ZWOLLE	3-0
Rúnar Már Sigurjónsson lék ekki með Zwolle en hann gekk til liðs við félagið í síðustu viku.	
NEC NIJMEGEN - VITESSE	2-1
Guðlaugur Victor Pálsson spilaði allan leikinn fyrir NEC Nijmegen.	
VVV VENLO - AJAX	0-3
Kolbeinn Sigbórsson kom inn á sem varamaður í liði Ajax á 72. mínútu.	

Liverpool gerði United greiða

Mistök Pepe Reina kostaði Liverpool sigur gegn Englandsmeisturum Manchester City í gær. Úrslitin þýða að forysta Manchester United á toppi ensku úrvalsdeildarinnar jókst í níu stig. Chelsea tapaði fyrir Newcastle.

FÓTBOLTI Helgin í ensku úrvalsdeildinni var fjörug en helstu tíðindin eru þau að Manchester United er nú með níu stiga forystu á toppi deildarinnar eftir 1-0 sigur á Fulham á laugardag. Manchester City hefði getað minnkað muninn í sjö stig en mátti sætta sig við 2-2 jafntefli við Liverpool í stórleik helgarinnar í gær.

City-menn geta þó þakkað skógarferð Pepe Reina, markvarðar Liverpool, undir lok leiksins. Hann gaf Sergio Agüero tækifæri til að skora í autt markið sem og hann gerði, þrátt fyrir að hafa verið í þröngu færi.

Höfum tíma til að brúa bilið

„Það eru enn þrettán leikir eftir af tímabilinu,“ sagði knattspyrnu-stjórinn Roberto Mancini hjá Manchester City. „Ég held að við höfum enn tíma til að vinna upp níu stiga forystu.“

Mörk Liverpool í leiknum voru glæsileg - bæði langskot. Fyrst frá Daniel Sturridge, fyrrum leikmanni City og svo fyrirliðanum Steven Gerrard. „Liverpool spilaði vel en við fengum á okkur tvö heimskuleg mörk,“ sagði Mancini.

Þrátt fyrir að aðeins eitt mark hafi verið skorað í leik Fulham gegn Manchester United var hann hin besta skemmtun. Leikmenn skutu ítrekað í markrammann en á endanum var það Wayne Rooney sem tryggði United sigurinn með hnitmiðuðu skoti.

Leikmenn gáfu allt í leikinn

„Þetta var frábær fótboltaleikur og frábær úrslit,“ sagði Ferguson. „Við erum ánægðir með þá stöðu sem við erum í. Aðalmálið er frammistaða leikmannanna sem gáfu sig alla í þetta.“

Tottenham, sem er í fjórða sæti deildarinnar, er nú aðeins einu stigi á eftir Chelsea eftir 1-0 sigur á West Brom í gær. Gareth Bale skoraði eina mark leiksins með glæsilegu skoti en Gylfi Þór Sigurðsson lék síðustu mínúturnar í leiknum með Tottenham.



Í SVIDSLJÓGINU Edin Dzeko skorar hér fyrra mark City fram hjá Pepe Reina, markverði Liverpool, sem gerði sig sekan um dýrkeypt mistök í seinna marki City.

- esá

Vendipunktur leiksins kom þegar að Goran Popov, leikmaður West Brom, fékk rautt fyrir að hrækja í átt að Kyle Walker í upphafi síðari hálfleiks. „Leikurinn breyttist,“ sagði Steve Clarke, stjóri West Brom. „Mér finnst hegðun Goran ógeðfæld. Einn leikmaður brást liðsheidinni í dag.“

Vinsæll á götum borgarinnar

Chelsea tapaði hins vegar fyrir Newcastle, 3-2, á laugardag en liðið réði ekki við Moussa Sissoko, einn hinn fjölmörgu Frakka sem eru komnir til Newcastle. Hann skoraði síðustu tvö mörk leiksins.

„Ég er mjög ánægður,“ sagði Sissoko. „En það má ekki gleyma þeirri staðreynd að þetta var sigur liðsins alls. Ég gaf allt mitt í leikinn enda kom ég til félagsins í þeim tilgangi. Mér hefur gengið mjög vel að aðlagast lífinu hér. Þegar ég fæ frí geng ég um götur borgarinnar og fólk kemur upp að mér og biður um eiginhandaáritun. Þá liður mér mjög vel.“

Arsenal, sem er í sjötta sæti, vann Stoke, 1-0 og er nú fimm stigum á undan Liverpool, sem er í sjöunda sæti. Everton er sem fyrr í fimmta sætinu.

Reading komst úr fallsæti með

2 af 16

Manchester City hefur nú ekki tapað fyrir Liverpool í fjórum deildarleikjum í röð. Liðið hefur þó aðeins unnið tvo af síðustu sextán deildarleikjum þeirra.

góðum 2-1 sigri á Sunderland en þrjú neðstu liðin, Wigan, Aston Villa og QPR, gerðu öll jafntefli.

- esá

Tankurinn kláraðist í miðjum leik

Rúnar Kárasón spilaði sinn fyrsta handboltaleik um helgina eftir að hafa slitið krossband í hné í fyrra.

HANDBOLTI Rúnar Kárasón er kominn aftur af stað á nýjan leik, sjö mánuðum eftir að hann gekkst undir aðgerð vegna slitins krossbands í hné. Meidslin áttu sér stað á landsliðsæfingu í júní síðastliðnum en hann var þá nýgenginn til liðs við þýska úrvalsdeildarfélagið Grosswallstadt.

Æfingaleikur liðsins gegn Erlangen í gær var því fyrsti leikur Rúnars með „nýja“ félaginu sínu en hann hefur spilað sem atvinnumaður í Þýskalandi síðan 2009.

„Þetta gekk bara ágætlega,“ sagði Rúnar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég var búinn að æfa alla vikuna en mátti reynd-

ar ekki fara í neinn „kontakt“ þá. Liðsfélaganir máttu ekki brjóta á mér,“ sagði Rúnar sem sagði það því hafa verið viðbrögð að spila alvöru handbolta á ný eftir langa endurhæfingu.

„Það er hægt að vera duglegur í lyftingasalnum og á brettinu en þegar maður byrjar svo að spila á ný þarf að byggja upp allt öðruvísi þól. Tankurinn var því orðinn algerlega tómur hjá mér þegar 20 mínútur voru eftir af leiknum,“ sagði Rúnar.

Grosswallstadt mætir Wetzlar á föstudaginn í fyrsta deildarleik sínum eftir HM-frí og segir Rúnar að það hafi alltaf verið stefnt að því að spila þann leik. „Sem betur

fer hafa ekki komið nein bakslög hingað til og tel ég mig vera nokkuð heppinn með að geta spilað sjö mánuðum eftir aðgerð,“ sagði Rúnar og bætir við að þessi tími hafi ekki verið sá skemmtilegasti á handboltaferlinum.

„Ég myndi ekki óska mínum verstu óvinum að slíta krossband í hné – ekki að ég eigi neina óvini,“ sagði hann í léttum dúr. „Það er að mörgu að huga í svona bataferli og maður þarf að halda vel á spilunum næstu mánuðina til að koma líkamanum aftur í fyrra horf.“

Fram undan er mikil fallbarátta hjá Grosswallstadt en liðið er í næstneðsta sæti þýsku deildarinnar með fimm stig.

- esá



Á LANDSLIÐSÆFINGU Rúnar var orðinn fastamaður í íslenska landsliðinu þegar hann meiddist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



SKRAUTLEGT SIGURMARK Björgvin Hólmgeirsson var hetja ÍR um helgina.

Reyndi bara að hitta á markið

HANDBOLTI ÍR vann nauman sigur á Val, 25-24, í háspennuleik í N1-deild karla á laugardaginn. Deildin fór þá af stað á ný eftir sjö vikna frí sem var gert vegna HM í handbolta.

Valur var í góðri stöðu rétt fyrir leikslok en ÍR skorði þrjú síðustu mörkin í leiknum, þar af kom sigurmark Björgvins Hólmgeirssonar á lokasekundunum.

„Ég ákvað bara að skjóta,“ sagði Björgvin sem var aðþrengdur af þremur varnarmönnum ÍR. Skot hans hafnaði efst í markhorninu fjær. „Ég ætlaði bara að reyna að hitta á markið og sem betur fer heppnaðist það,“ sagði Björgvin.

„Þetta var mjög sætur sigur, sérstaklega eftir þennan lokaspætt og gefur góð fyrirheit um framhaldið,“ sagði Björgvin en liðið er nú komið upp í þriðja sæti deildarinnar með þrettán stig.

Tólftu umferðinni lýkur svo í kvöld með þremur leikjum. - esá

LEIKIR KVÖLDSINS

**AKUREYRI - HAUKAR
FRAM - HK
FH - AFTURELDING**

**KL. 19.00
KL. 19.30
KL. 19.30**

Einbeiti mér að sjálfum mér

Gunnar Nelson segir það litlu hafa breytt fyrir sig þó svo að skipt hafi verið um andstæðing í hans næsta UFC-bardaga. Undirbúningurinn hefur gengið vel og bardaginn er á dagskrá þann 16. febrúar.

BARDAGAÍPRÓTTIR Tæpar tvær vikur eru þar til Gunnar Nelson tekur þátt í sínum öðrum UFC-bardaga og þeim stærsta á ferlinum til þessa. Upphaflega var áætlað að Gunnar myndi mæta Justin Edwards en sá þurfti nýlega að draga sig úr keppni vegna meiðsla.

Nú er ljóst að Gunnar mætir Brasilíumanninum þaulreynda Jorge Santiago en sá er eldri og stærri en Gunnar. Santiago á að baki langan feril í UFC en þetta er þó fyrsti bardagi hans þar í rúmt ár.

„Undirbúningurinn gengur þrýðilega,“ sagði Gunnar, rólegur í máli, þegar Fréttablaðið tók hann tali um helgina. „Það breytti voða litlu fyrir mig þó svo að það hafi verið skipt um andstæðing, enda er ég fyrst og fremst að einbeita mér að því sem ég ætla að gera – ekki því sem aðrir gera.“

Hann á von á erfiðum bardaga gegn Santiago en þess má geta að Gunnar er enn ósigraður í ellefu MMA-bardögum á ferlinum.

„Hann er bæði reyndur og góður bardagamaður. Hann er góður í jörðinni og hefur verið svartbeltíngur [í brasilíska jiu-jitsu] í mörg ár. Hann er þó líka höggþungur uppi og ég á allt eins von á því að bardaginn verði meira standandi en flestir af mínum bardögum hafa verið hingað til. Þetta mun annars bara allt koma í ljós,“ sagði Gunnar, sem hefur haldið að mestu til heima við æfingar síðustu vikur og mánuði.

„Þjálfarar mínir frá Írlandi eru með annan fótinn hér og svo eru



Á STÓRA SVIÐINU Gunnar Nelson er tilbúinn fyrir sinn stærsta bardaga á ferlinum til þessa.

NORDICPHOTOS/GETTY

þeir strákar sem ég æfi með heima orðnir ansi góðir. Það hefur því ekki verið nein pressa á mér að flytja út. Ég bjó úti í tvö ár á sínum tíma en núna er ég heima og kann vel við það.“

Gunnar vakti mikla athygli fyrir framgöngu sína í sínum fyrsta UFC

en hann fór þá létt með Bandaríkjamanninn DeMarques Johnson. Dana White, forseti UFC, hrósaði Gunnari í hástert á blaðamannafundi síðar þetta sama kvöld.

Bardagi Gunnars gegn Santiago fer fram á Wembley-Arena þann 16. febrúar og er á svoköll-

uðu „main card“ og því einn af aðalbardögum kvöldsins. „Þetta er stærsta svið sem ég hef barist á hingað til og ég er mjög sáttur við þróun mála hingað til. Fólk tekur eftir manni þegar vel gengur og ég er ánægður hjá UFC.“

eirikur@frettabladid.is

GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Frábær fjármögnun í boði



Mercedes-Benz



Hlaðinn aukabúnaði
Einn eigandi

Árg. 2012, ekinn 14 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur.

Aukabúnaður: Leðuráklæði, hiti í sætum, rafdrifin sæti, PARKTRONIC fjarlægðarskynjarar, off-road tækniþakki, H/L drif, aftengjanlegur dráttarkrókur, 17" felgur.

Verð 7.690.000 kr.

Mercedes-Benz GLK 220 CDI 4Matic



Enn í ábyrgð
Hlaðinn aukabúnaði

Árg. 2012, ekinn 7 þús. km, bensin, 123 hö., beinskíptur.

Aukahlutir: Aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, kastarar, loftkæling, hraðastillir, rafdrifnar rúður og speglar, rafdrifin leðursæti með minni, upplýsingaskjúr, stafrænt mælaborð, þjófavörn.

Verð 4.590.000 kr.

Mercedes-Benz B 180



Lítið ekinn
Hlaðinn aukabúnaði

Árgerð 2012, ekinn 7 þús. km, dísil, 205 hö., sjálfskiptur.

Aukabúnaður: Fjór hjóladrifinn, leðuráklæði, hiti í sætum, rafdrifin sæti, aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, stafrænt mælaborð.

Verð 9.990.000 kr.

Mercedes-Benz E 250 CDI 4Matic



Hlaðinn aukabúnaði
Gott eintak

Árg. 2007, ekinn 59 þús. km, dísil, 7 manna, sjálfskiptur.

Aukabúnaður: Fjór hjóladrifinn, aksturstölva, dráttarveisli, fjarlægðarskynjarar, gler-toppluga, hleðslujafnari, loftkæling, lykillaust aðgengi, bakkmyndavél, stafrænt mælaborð, leðursæti, rafstýrð sæti með minni o.fl.

Verð 9.490.000 kr.

Mercedes-Benz GL 420 CDI



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

Stöð 2 kl. 20.05

One Born Every Minute

Breska þáttaröðin One Born Every Minute er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þetta eru skemmtilegir og um leið fróðlegir þættir um allt það sem gerist á fæðingardeild spítala. Fjölda myndavéla hefur verið komið fyrir á fæðingadeildinni og áhorfandinn fær að fylgjast með öllu sem fram fer.



Í KVÖLD



Brasilía með Michael Palin – Arfur frá Afríku

RÚV KL. 20.00 Bresk sjónvarpsmynd í fjórum þáttum. Leikarinn Michael Palin segir hér frá ferðalagi sínu um Brasilíu. Hann segir frá landi og þjóð og reykir að miðla upplifun sinni áfram til áhorfenda.

IMDb
7,1



Parks and Recreation

SKJÁR 1 KL. 20.15 Þegar meðlimur í skoðanahópi gefur Leslie neikvæð ummæli ákveður hún að vinna hann yfir á sitt band með því að fara með honum í keilu. Áætlinn hennar gengur þó ekki eins vel og hún hafði vonast til. Chris fær slæmar sambandsfréttir.

TV.COM IMDb
7,3 8,5



Friends

POPPTÍVÍ KL. 19.00 Þá er komið að lokabætti tíundu seríu af vinum okkar allra, en tíunda serían var sú síðasta og þetta er því kveðjustundin. Vinirnir halda nú hver í sína áttina og eiga hér tilfinningaþrunga kveðjustund, þó með húmorinn við höndina.

TV.COM IMDb
9,2 8,9

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunundur með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.05** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringið **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsagan: Konur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjörnur **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus. **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: The Album - ABBA **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

15.30 Silfur Egils (e)
16.50 Landinn (e)
17.20 Sveitasæla
17.31 Spurt og sprellað
17.38 Töfranhötturinn
17.51 Angelo ræður
17.59 Kapteinn Karl
18.12 Grettir
18.15 Táknafréttir
18.25 Doktor Ása (7:8) (Dr. Ása II) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurféttir
19.35 Kastljós
20.00 Brasilía með Michael Palin – Arfur frá Afríku (1:4) (Brazil with Michael Palin) Breski leikarinn Michael Palin ferðast um Brasilíu.
21.00 Hefnd (8:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
21.45 Jakob – Ástarsaga (4:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story) Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurféttir
22.20 Íslenski boltinn
23.05 Millennium – Loftkastalinn sem hrundi (5:6) (Millennium) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
00.35 Kastljós (e)
00.55 Fréttir
01.05 Dagskrárlok

BÍÓ

12.40 Mad Money
14.20 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið
15.40 Three Amigos
17.20 Mad Money
19.00 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið
20.20 Three Amigos
22.00 The Full Monty
23.30 Right at Your Door
01.05 Traitor
02.55 The Full Monty

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In the Middle (21:22)
08.30 Ellen (88:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (75:175)
10.15 Wipeout USA (17:18)
11.00 Drop Dead Diva (1:13)
11.45 Falcon Crest (26:29)
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor (9:27) (10:27)
15.10 ET Weekend
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (89:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Big Bang Theory (12:23)
19.40 The Middle (2:24)
20.05 One Born Every Minute (3:8) Heimildarþættir sem gerast á fæðingadeild á breskum spítala.
20.50 Covert Affairs (8:16) Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa. Hún talar sjö tungumál reiprennandi en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.
21.35 Boss (2:8) Stórbrotin verðlaunabáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis til að halda völdum en hann á marga óvini sem eru ávallt tilbúnir að koma höggi á hann.
22.30 Man vs. Wild (7:15) Ævintýrælegir þættir frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðsvegar um heiminn.
23.15 Modern Family (8:24)
23.40 How I Met Your Mother (7:24)
00.00 Two and a Half Men (1:23)
00.25 Burn Notice (12:18)
01.10 The League (4:6)
01.35 The Killing (1:13)
02.20 Triassic Attack
03.45 Boss (2:8)
04.40 Covert Affairs (8:16)
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

07.00 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona
18.00 HM 2013: Ísland - Katar
19.20 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona
21.00 Spænsku mörkin
21.30 Spænski boltinn: Granada - Real Madrid
23.10 Michelle Wie á heimaslóðum David Feherty heimsækir Michelle Wie og tekur við hana einlægt viðtal.

SPORT 2

enski boltinn
07.00 Man. City - Liverpool
14.20 West Ham - Swansea
16.00 Fulham - Man. Utd.
17.40 Sunnudagsmessan
18.55 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.50 PL Classic Matches: Bradford - Watford, 1999
20.20 Man. City - Liverpool
22.00 Premier League Review Show 2012/13
23.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
23.30 WBA - Tottenham

krakkar

07.00 Brunabílarir
07.20 Áfram Diego, áfram!
07.45 Waybuloo
08.05 Dóra könnuður
08.50 Svampur Sveinsson
09.00 UKI
09.05 Strumparnir
09.30 Ofurhundurinn Krypto
09.50 Lína Langsokkur
10.10 Lukku-Láki
10.35 Histerial!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.00 Maularinn
17.25 Ofurhetjusérveitin
17.50 iCarly (5:25)

POP TV

17.05 Simpson-fjölskyldan (19:22)
17.30 ET Weekend
18.15 Gossip Girl (14:22) Þrjú þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkinn sé ótæpilig þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
19.00 Friends
19.20 How I Met Your Mother (4:24)
19.45 Simpson-fjölskyldan
20.05 Holidate (4:10)
20.50 FM 95BLÖ Allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
21.10 Hart of Dixie (22:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívaði um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ung lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
21.55 The O.C (7:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
22.40 Holidate (4:10)
23.20 FM 95BLÖ
23.40 Hart of Dixie (22:22)
00.25 The O.C (7:25)
01.10 Tónlistarmyndbönd Popptívi

GULL

18.15 Doctors (127:175)
19.00 Ellen (89:170)
19.40 Logi í beinni
20.20 The Practice (2:6)
21.05 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi
21.35 Logi í beinni
22.15 The Practice (2:6)
23.00 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi
23.30 Tónlistarmyndbönd Popptívi

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray
08.45 Dr. Phil
09.25 Pepsi MAX tónlist
16.45 Rachael Ray
17.30 Dr. Phil
18.10 Upstairs Downstairs (4:6) Það er sjaldan lognmolla í Eaton Place 165 þar sem fylgst er með þjónustufólki og húsbændum á millistríðsárunum í Lundúnum.
19.00 Everybody Loves Raymond
19.25 America's Funniest Home Videos
19.50 Will & Grace (19:24)
20.15 Parks and Recreation (12:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
20.40 Kitchen Nightmares (15:17) Matreiðslumaðurinn illgarns Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við. Ramsey er staddur í Baltimore eftir neyðarkall frá veitingastað með þema frá suðurríkjum Bandaríkjanna.
21.30 Málið (5:7) Hábreittir fréttaskýringarþættir frá Sólva Tryggvasonni þar sem hann brýtur viðfangsefnið til mearjar.
22.00 CSI (5:22) Ted Danson er í hlutverki Russels, yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Lögreglumaður er drepinn og eina vitnið er af hundakyni.
22.50 CSI (15:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og féлага hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
23.30 Law & Order: Special Victims Unit (22:24)
00.20 The Bachelor (12:12) (e)
01.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.15** Waste Management Phoenix Open 2013 (4:4) **12.15** Golfing World **13.05** Dubai Desert Classic (4:4) **17.05** PGA Tour - Highlights (4:45) **18.00** Golfing World **18.50** Waste Management Phoenix Open 2013 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour Year-in-Review 2012 (1:1) **23.45** ESPN America

INN

20.00 Ung á öllum aldri **20.30** Allt um golf **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Léttr Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

Öskudagsfjör í Hokus Pokus!!

hokuspokus.is vefverslun

Við erum á Laugavegi 69, 101 Rvk
 Skoðið úrvalið okkar á hokuspokus.is
 Sendum um allt land, gerið pantanir í síma 551-7955 eða panta@hokuspokus.is

Hippastelpa
2190,-

Draugur
2690,-

Sjóræningjastelpa
2990,-

Demon
2590,-

Öskudagurinn er miðvikudagur 13. febrúar!

SALATLÍNAN

ALGJÖR SNILLD FRÁ SÓMA

Salötin frá Sóma eru byggð á áralangri reynslu af samlokugerð. Þú getur valið úr sjö tegundum ásamt Pestó Hummus sem bragðgóð nýjung. Prófaðu!



MÁNUDAGSLAGIÐ



„A Minor Place með Bonnie Prince Billy. Það er rosalega fallegt lag.“

Hulda Sif Ásmundsdóttir ljósmyndari.

Laddi allsnakinn og persónulegur

Einleikurinn Laddi lengir lífið verður frumsýndur í Hörpu í byrjun apríl.

„Það er alltaf gaman að gera eitt-hvað nýtt,“ segir Þórhallur Sigurðsson, eða Laddi. „Þetta leggst alveg rosalega vel í mig.“

Einleikurinn Laddi lengir lífið verður frumsýndur í Hörpu 5. apríl. Þar fá áhorfendur tækifæri til að kynna manninum á bak við gervin, grínið og grímurnar. Laddi ræðir um sambandið við persónurnar sem hann hefur skapað og að lokum mesta leyndardómminn, það er að segja: Hver er Laddi og hvað gerir hann ef hann hefur ekki eitt-hvert gervi til að fela sig á bak við?

„Maður er bara allsnakinn núna því ég fel mig ekki á bak við neina karakter,“ segir Laddi. „Þetta verður mjög erfitt og sennilega það erfiðasta sem ég hef tekið að mér, því þetta verður svo persónulegt. En að sjálfsögðu verður gaman og grín líka í þessu.“

Síðasta sýning Ladda, Laddi 6-Tugur sem hófst 2007, var sýnd fyrir fullum sal í Borgarleikhúsinu í rúmlega tvö ár og voru áhorfendurnir hátt í sjötu þúsund. Myndiskur með sýningunni seldist í rúmlega tuttugu þúsund eintökum.

Hann tekur fram að hann verði bara með nýtt efni í Hörpu og lofar þægilegri og skemmtilegri kvöldstund. „Ég er að spjalla við áhorfendur í raun og veru um mig og karakterana og spekulera í mér, hvað er fyndið og ekki fyndið. Af hverju er Eiríkur Fjalar fyndinn? Við reynum að kryfja það saman.“


Leikstjóri Ladda lengir lífið er Sigurður Sigurjónsson og handritshöfundur er Karl Ágúst Úlfsson ásamt Ladda.

-fb



Í NÝJUM EINLEIK Laddi hlakkar til að leika í nýja einleikum Laddi lengir lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NÝTT APP Helgi Pjetur Jóhannsson hjá Stokki Software, hönnuði Alfreds-appsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

App sem auðveldar fólki atvinnuleitina

Notendur geta vakt að laus störf í nýju farsímaforriti fyrir iPhone og Android sem nefnist Alfred.

Nýtt app er komið í loftið sem auðveldar fólki atvinnuleit. Þetta er farsímaforrit fyrir iPhone- og Android-snjallsíma og geta notendur vakt að starfsgreinar sem það hefur áhuga á og fengið tilkynningar um laus störf. Appið heitir Alfred og er hannað af Stokki Software sem þróar hugbúnað fyrir snjallsíma á Íslandi.

„Þetta er örurvísí nálgun, meira persónuleg. Við erum að nýta tækni símtækja. Það sér enginn hvað maður er að gera í sínum síma og hægt er að vakta ný störf sem eru á manns þekkingarviði, það er aldrei að vita hvað maður sér áhugavert,“ segir Helgi Pjet-

ur Jóhannsson, einn af eigendum Stokks Software. Hann segir að ráðningarstofur séu mjög jákvæðar í garð nýja appsins því hægt sé að ná til fleira fólks, jafnvel til þeirra sem ekki eru í virkri atvinnuleit. Einnig má finna í appinu ráðgefandi greinar sem gagnast fólki í atvinnuleit, til dæmis hvernig á að gera góða ferilskrá. „Við teljum einnig að þetta app verði gott fyrir fyrirtæki sem geta séð hversu margir eru að vakta ákveðin störf,“ segir Helgi. Eins og stendur eru 100 laus störf í appinu í nýju starfsgreinum, en allar upplýsingar má finna á www.alfred.is

-áá

Er meðlimur í hlaupagengi frá Lundúnum

Petra Bender er meðlimur í Run Dem Crew-hlaupagenginu. Í hópnum, sem er styrktur af Nike, eru um 150 meðlimir. Petra segir skemmtilegra að hlaupa í hóp.

„Ég bjó í London í sjö ár og lærði textílhönnun við Central Saint Martins-skólann. Ég átti engan pening fyrir leikfimi og byrjaði því að hlaupa ein um garðinn í hverfinu mínu. Þáverandi kærasti minn fékk vinnu í byggingu sem kallast 1948, en þar safnast hópurinn saman fyrir hlaup, og hann sagði mér frá hópnum. Fyrst var ég feimin við að mæta en lét svo verða af því og hef ekki hætt að hlaupa síðan. Í gegnum hópinn hef ég líka kynnst mörgum af mínum bestu vinum,“ útskýrir Petra Bender textílhönnuður, sem er meðlimur í skokkgenginu Run Dem Crew. Gengið er styrkt af Nike-íþróttamerkinu og var stofnsett í Lundúnum árið 2008 af plötusnúðnum, kennaranum og ljóðskáldinu Charlie Dark.

Hópurinn er byggður á bandarískri fyrirmynd og má finna sams konar hópa í Berlín, Kaupmannahöfn, Amsterdam og New York. Petra lýsir skokkgenginu sem samfélagi fólks úr öllum kimum samfélagsins sem hittist vikulega og hleypur saman. Kjörórð hópsins eru „It's not a running crew, it's a family“ sem þýðist á íslensku „Þetta er ekki hlaupahópur, þetta er fjölskylda“.

Meðlimir Run Dem Crew eru í dag um 150 talsins en þegar Petra gekk til liðs við hópinn taldi hann um sextíu meðlimi. Petra kveðst fá meira úr því að hlaupa í slag-togi við aðra en þegar hún hljóp ein síns liðs. „Eftir að ég gekk til liðs við hópinn fór ég að hlaupa lengra en ég hélt ég gæti og nú hef ég hlaupið um sex hálfmaraþon,“ segir hún og bætir við að hún stefni á sitt fyrsta heilmaraðon í nánustu framtíð.



MEÐLIMUR HLAUPAGENGIS Petra Bender er meðlimur í hlaupagenginu Run Dem Crew í London. Í genginu, sem er að bandarískri fyrirmynd, eru 150 meðlimir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Petra flutti nýverið aftur til Íslands og hefur nú sett á laggirnar hlaupahóp sem fékk til bráðabirgða nafnið Hipster-hlaupahópur. „Við ætlum að hittast við Hallgrímskirkju vikulega og hlaupa um miðborg Reykjavíkur.“

Við endum svo hlaupið á barnum. Fólk þarf ekki að vera hipster til að taka þátt, einu skilyrðin eru að hafa gaman af því að vera með öðru fólki og gera eitthvað nýtt,“ segir Petra að lokum.

sara@frettabladid.is

NESCAFÉ *Alegria* **Hvernig kaffi vilt þú?**

Americano Espresso Lungo Cappuccino Latte Macchiato

Kaupauki!

1ks af Jolly Cola (24 dósir)

þú getur valið um að fá 1 ks (24 dósir) af Jolly gosi eða 6 glær, falleg kaffiglös í kaupauka þegar þú kaupir Nescafé Alegria kaffivél.

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Porri íslenskra rokkara á svið

Á Skonrokki verða tekin fyrir lög sem hafa kallað fram gæsa-húð í áratugi.

„Við getum kallað þetta skemmtilegt rokk en við tökum fyrir lögin sem hafa verið að kalla fram gæsa-húð hjá fólki svo áratugum skiptir,“ segir Bjarni Ólafur Guðmundsson, sem, ásamt Birgi Nielsen, stendur fyrir Skonrokkónleikum nú í mars.

Skonrokkónleikarnir hafa verið haldnir einu sinni áður, í nóvember síðastliðnum, en eiga sér þó lengri sögu. „Birgir hélt fyrst á líka tónleika í Eyjum á Sjómannadaginn 2010. Þá voru þeir kallaðir Rokkað til heiðurs sjómönnum. Við tókum þá svo aftur á Sjómannadaginn síðasta sumar og ákváðum þá að fara með þetta lengra,“ segir Bjarni.

Porri íslenskra rokkara kemur fram á Skonrokki, en kjarninn hefur verið sá sami frá upphafi. Fara þar í forgrunni þeir Magni Ásgeirsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Pétur Guðmundsson, Páll Rósinkrans og Biggi Haralds. „Svo má ekki gleyma hljómsveitinni sem er algjörlega geðveik líka,“ segir Bjarni. „Þessir strákar sem við eigum eru svo flottir að þeir eru á heimsæliskvarða, svo einfalt er það,“ bætir hann við.

Tekin verður tónlist úr ýmsum átum og nefnir Bjarni sem dæmi lög frá AC/DC, Kiss, Journey, Whitesnake, Gary Moore og Jet Black Joe.

Um er að ræða tvö tónleika, í Silfurbergi Hörpu



PORRI ÍSLENSKRA ROKKARA Páll Rósinkrans er á meðal þeirra íslenskra rokkara sem ætla að trylla lýðinn á Skonrokk tónleikum í mars.

22. mars og í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 23. mars. Miðasala er hafin á þá báða, á síðum tónleikastaðanna og á midi.is. „Síðast troðfylltum við báða salina og ég vænti þess að þar verði endurtekning á núna,“ segir Bjarni Ólafur.

-trs

SÓFADAGAR Í DORMA

Kíktu við og gerðu góð kaup!

PARIS tungusófi

Aðeins **kr. 199.900**
Fullt verð 245.900

PÚ SPARAR
46.000
KRÓNUR

Stærð 308 x 153/90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.



Stærð 280 x 150/90 cm
Slitsterkt áklæði 3 litir svart beige og grátt

MADRID tungusófi

Aðeins **kr. 179.900**

Fullt verð 229.900

Stærð 230 x 150/85 cm. Slitsterkt áklæði í 4 litum. Grátt, ljósgrátt, svart og beige. Tunga getur verið beggja vegna. Aukahlutur á mynd: Höfuðpúði fullt verð 12.900. Nú aðeins 9.900.



PÚ SPARAR
50.000
KRÓNUR

OSLO tungusófi

Aðeins **kr. 139.900**

Fullt verð 189.900



Stærð 280 x 150/90 cm
Slitsterkt grátt áklæði.

STOCHOLM tungusófi

Aðeins **kr. 189.900**

Fullt verð 219.900

PÚ SPARAR
30.000
KRÓNUR

SIESTA svefnsófi



PÚ SPARAR
20.000
KRÓNUR

Aðeins **kr. 115.900**

Fullt verð 135.900

Stærð 192 x 85 cm
Slitsterkt svart áklæði



Siesta svefnsófi stærð dýnu 147x197 cm

MONTORIO svefnsófi



PÚ SPARAR
20.000
KRÓNUR

Stærð: 159 x 208 cm.
Slitsterkt svart áklæði

Aðeins **kr. 79.900**

Fullt verð 99.900

COPENHAGEN sófasett



PÚ SPARAR
30.000
KRÓNUR

3ja sæta sófi
Aðeins **kr. 89.900**

Fullt verð 119.900 Stærð: B180 x D87 x H80 cm

Stóll
Aðeins **kr. 44.900**

Fullt verð 59.900 Stærð: B80 x D87 x H80 cm

PÚ SPARAR
15.000
KRÓNUR

OPÍÐ Holtagörðum

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-16

Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA



- býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800

www.dorma.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jóna Hrönn í blaðamennsku Presturinn Jóna Hrönn Bolla-dóttir hefur hafið nám á nýjan leik, rúmum tuttugu árum eftir að hún útskrifaðist úr guðfræði. Jóna Hrönn hóf diplómanám í blaða- og fréttamennsku nú um áramót, og er farin að skrifa á vefinn student.is, eins og aðrir nemar í faginu. Í viðtali sem annar þekktur nemi í blaða- og fréttamennsku, íþróttafrétta- maðurinn Edda Sif Pálsdóttir, tók við hana segir Jóna að hún myndi vilja starfa við fjölmiðla ef hún ætti að velja sér annað starf en prestsstarfið.



Fengu tæp 9000 „Like“

Hraðfréttastrákarnir Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson fóru á kostum í Söngvakeppninni á RÚV síðastliðið laugardagskvöld. Kvöldinu vörðu þeir með keppendum í Græna herberginu þar sem þeir tóku stöðuna á stemningunni og skelltu í nokkur bráðskemmtileg viðtöl á meðan á keppninni stóð. Einnig var sýnt frá heimsóknum þeirra á æfingar fyrir keppnina daginn áður, þar sem þeir léku á als oddi. Í miðri keppni ákvað Fannar að nýta tækifærið og hvatti alla sem voru að horfa á keppnina til að finna Facebook-síðu Hraðfrétta og smella á hana „Like“. Á innan við mínútu höfðu tæplega 3.000 manns fylgt hans fyrirmælum. Hraðfréttir voru með rúmlega 1.800 aðdáendur fyrir keppni á laugardaginn en í gærkvöldi voru þeir orðnir tæplega 10.500.

- þeb, trs



Mest lesið **vísir**

- 1 Er framlag Íslands í Eurovision stolið?
- 2 Alvarlegt slys í Esju
- 3 Skotárás á Eyrarbakka tengist frásögn af misnotkun
- 4 Eyþór Ingi vann – Fer til Malmö í maf
- 5 Líklegt þykir að Norður-Kórea sprengi kjarnasprengju
- 6 Ekki kynferðisbrot ef tilgangur var að meiða



Loksins fáanleg á ný!

www.forlagid.is
 – alvöru bókaútgáfa á netinu

SÍÐUSTU DAGAR!

STÓR ÚTSALA!

ÚTSALA

REKKJUNNAR

50-60%

AFSLATTUR AF ÖLLUM ELDRI GERÐUM AF KING SIZE RUMUM



CAPE FIRM
 Cal King Size rúm (183x213 cm)
 FULLT VERÐ 282.767 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 113.106 kr.
60% AFSLATTUR

HEILSUKODDAR
20-30% AFSLATTUR!

GREY
 King Size rúm (183x203 cm)
 FULLT VERÐ 299.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 149.950 kr.
50% AFSLATTUR

CREAM
 Queen Size rúm (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 175.398 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 87.699 kr.
50% AFSLATTUR

rekkjan

HEILSURÚM